



Fáeinir stöplar undan hitaveitustokki yfir neðri hluta Elliðaárdals standa nú eftir. Veitur hafa fjarlægð lagnastokkinn en stöplana ætlar Reykjavíkurborg að nýta undir nýja göngubrú yfir árnar, segir Breki Logason, upplýsingafulltrúi hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Allri lagnavinnu er lokið en áætlað er að frágangi verði lokið næsta vor, segir Breki. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vilja láta skoða loðnuverðið

SJÁVARÚTVEGUR Sjómannasambandið telur að skýra þurfi hvers vegna norsk skip sem lönduðu loðnu hér á landi fengu hærra verð fyrir aflann en hin íslensku. Sjómenn vilja að þetta verði skoðað svo skera megi úr um hvort íslenskar áhafnir hafi verið hlunnfarnar.



Valmundur Valmundsson

„Við teljum bara mjög óeðlilegt að það sé hægt að borga norskum skipum 220-230 krónur á kíló fyrir loðnu sem er ekki eins verðmæt og loðnan sem íslensku skipin voru að veiða. Þau fá líklega um hundrað krónur,“ segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómanna-sambands Íslands. – gar / sjá síðu 6

Skattbyrði aukist hratt

Breytt aðferðafræði Þjóðskrár við útreikning fasteignamats atvinnuhúsnæðis orsakaði hraðar matshækkningar, en prósentu fasteignagjalda hélst óbreytt.

SKATTAMÁL Skattar á atvinnuhúsnæði hafa aukist hröðum skrefum á undanförunum árum, að sögn Guðjóns Auðunssonar, forstjóra fasteignafélagsins Reita. Á endanum leiði það til hækkunar á leiguverði og grafi undan rekstrargrundvelli verslunar og annarrar smásölu.

Í kjölfar breytinga á aðferðum Þjóðskrár við að áætla fasteignamat atvinnuhúsnæðis árið 2015 var talið einsýnt að verðmæti þess myndi hækka hratt. Breytingarnar fólu í sér að tekjuöflunarmöguleikar húsnæðis lágu til grundvallar fasteignamati fremur en endurbyggingarvirði. Sveitarfélög lækkuðu hins vegar ekki fasteignagjöld á móti og því hafa skattgreiðslur vegna atvinnuhúsnæðis aukist hratt á liðnum árum.



Guðjón Auðunsson, forstjóri fasteignafélagsins Reita.

Forstjóri Reita segir að hlutfall greiddra fasteignaskatta af heildartekjum Reita hafi hækkað úr 11 prósentum árið 2015 í 20 prósent á síðasta ári.

„Mér er það til efs að tilgangur Þjóðskrár með þessari breytingu hafi ekki verið að stórauka skatta á fasteignir, en sú hefur orðið raunin vegna aðgerðaleyfis sveitarfélagna,“ segir Guðjón, sem telur

að lækka hefði átt fasteignagjöld sveitarfélaga í kjölfar breytinganna hjá Þjóðskrá.

Fram kemur í tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga að innheimt fasteignagjöld af atvinnuhúsnæði hafi numið um 18,9 milljörðum króna árið 2016. Á síðasta ári voru svo alls 28,5 milljarðar greiddir til íslenskra sveitarfélaga í formi fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði. Það samsvarar 50 prósentu aukningu á tímabilinu.

Langmest af þessari aukningu hefur runnið til Reykjavíkurborgar, eða um 5,1 milljarður milli 2016 og 2020. Innheimt fasteignagjöld borgarinnar af atvinnuhúsnæði jukust því um tæplega 54 prósent á tímabilinu. – thg / sjá Markaðinn

Spá hagvexti og hækkunum

VIÐSKIPTI Verð fasteigna mun að raunvirði hækka um þrjú prósent að meðaltali á næstu árum. Ef horft er á framboð, eftirspurn og kaupmáttarþróun virðist markaðurinn ekki vera í ójafnvægi. Þetta kemur fram í hagspá Arion banka.

» Ef horft er á framboð, eftirspurn og kaupmáttarþróun virðist markaðurinn ekki vera í ójafnvægi.

Bankinn gerir ráð fyrir að hagvöxtur ársins verði 3,3 prósent í ár sem er töluvert meira en bankinn spáði fyrir í vetur. Hagvöxtur ársins 2022, ef spá bankans gengur eftir, fer upp í 6 prósent.

Þá spáir bankinn að atvinnuleysi fari lækkanði og verði um 6 prósent í lok árs 2023, sem er heldur hærra en það var fyrir útbreiðslu kórónaveirunnar. – þfh / sjá Markaðinn

KAF BATUR

Frumskýning á laugardag!

leikhusid.is

Þjóð
leik
húsið



Þyrlan hífði fimm manns úr bátnum. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Fimm bjargað úr lekum báti

BJÖRGUN Landhelgisgæslan og Slysavarnafélagið Landsbjörg komu tókuliði breska ríkisútvarpsins BBC til bjargar eftir að bátur þess varð vélarvana og fór að leka um klukkan fjögur í gær.

Fimm starfsmenn BBC voru um borð í bátnum ásamt tveimur í áhöfn og lentu þau í klandri í nágrenni Hlöðuvíkur á Hornströndum. Áhöfnin var með dælur um borð sem náðu að halda sjó frá bátnum og laust eftir fimm kom fiskibáturinn Otur á svæðið og kom taug yfir í bátinn.

Tvö björgunarskip Landsbjargar í Bolungarvík og á Ísafirði voru kölluð út ásamt nærliggjandi skipum og þyrla Landhelgisgæslunnar. Björgunarskip Landsbjargar, Gísli Jóns, tók svo við af fiskibátnum og var siglt inn í Fljótavík. TF-EIR, þyrla Landhelgisgæslunnar, mætti á svæðið klukkan 18 með aukadælur og var fljótlega tekin ákvörðun um að hífa farþegana frá borði. – **ilk**

Kúlunum kastað



Úrslit Íslandsmeistarakeppninnar í keilu fóru fram í Keiluhöllinni Egilshöll í gærkvöldi. Einbeitingin skein úr andlitum keppenda þar sem hver kastaði sinni kúlu í kappi við annan. Ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði þegar keppendur hituðu upp fyrir úrslitakeppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Enn teljast líkur á gosi

NÁTTÚRUVÁ Hluti kvikugangsins sem hefur myndast síðustu þrjár vikur í grennd við Fagradalsfjall hefur líklega storknað en það dregur þó ekki úr líkum á að það gjósi á svæðinu. Enn er möguleiki á stórum skjálfta að stærð 6,5 á svæðinu milli Kleifarvatns og Bláfjalla.

Líklegasta gossvæðið hefur færst frá Nátthaga norðaustur eftir kvikuganginum að norðausturhluta Fagradalsfjalls.

Jarðskjálftavirkni á Reykjanes-skaga var minni síðasta sólarhring miðað við síðustu helgi. Sérfræðingar telja smáskjálftana merki um hversu kaflaskipt skjálftavirknin hefur verið í hrinunni, sem hófst fyrir þremur vikum. Færsla kvikugangsins til suðurs hefur stöðvast samkvæmt nýjustu gervihnattamyndum og GPS-mælingum.

Meðan kvikugangurinn heldur áfram að stækka, þá þarf að gera ráð fyrir því að gosið geti á svæðinu. Lögreglan á Suðurnesjum hvetur



Skolfið hefur nálægt Fagradalsfjalli.

göngufólk til að gæta varúðar í fjalllendi á Reykjanesi vegna stöðugra jarðskjálfta á svæðinu. Þó er ekki einungis hætta á ferðinni í fjalllendi á svæðinu heldur einnig við strendur skagans, nálægt sjávarbjörgum og hömrum. Vart hefur orðið við mikið grjóthrun af völdum skjálftanna úr sjávarhömrum vestan við Festarfjall í grennd við Grindavík.

Gera má ráð fyrir slíku hruni víðar, svo sem við Krýsuvíkurbjarg og Valahnjúk við Reykjanesvita. – **ilk, þp**

Alls staðar eru rauðar hitatölur í kortunum

Suðlægar áttir blása um landið í dag og á morgun og er spáð að hiti nái allt að 17 gráðum. Aðeins eðlilegra marsveður tekur svo við með frosti. Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir loftið koma frá hafsvæðum austan Ameríku.

VEÐUR Í dag og á morgun er gert ráð fyrir að hiti verði á bilinu 6-17 stig, hlýjast austast á landinu. Suðlæg átt blæs um landið sem skýrir þennan mikla hita en það verður þó hvasst og allt að 15-23 metrar á sekúndu á norðanverðu Snæfellsnesi. Víða verður einnig dálítill væta en skýjað og þurr að mestu á Norður- og Austurlandi. Það er því ekki alveg kominn tími á að sækja sumarfötin úr skápnum eða skella sér í apótek að kaupa sólarvörn.

„Þetta fer hratt yfir landið og mun taka um tvo daga en svo kólnar í kjölfarið. Þá verður veðrið nær því sem við eigum að venjast í mars,“ segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur. Hann segir að loftið sé að koma af hafsvæðunum austan Ameríku. Það sé hlýtt og rakt en þornar þegar fram líða stundir. Því miður er ekki logn sem fylgir þessu lofti og það verður því hvasst.

Einar segir að stóru tíðindin muni gerast fyrir norðan og austan. „Það má gera ráð fyrir að norðan- og austanlands gæti hitinn farið í 10-15 stig og hvergi er spáð hærri hita en sunnan undir Vatnajökli í snarpri vestanátt á fimmtudagsmorgun. Þar er spáð allt að sautján stiga hita í niðurstráumnum frá jöklinum.“

Einar segir að þetta sé ekkert mjög óalgengt enda vorið farið að banka á dyrnar sunnarlega í Evrópu. Stundum blása sunnanvindar eins og nú en einnig getur steypst kaldur loftmassi yfir landið. „Þetta gerist alltaf annað veifið. Það verða oft talsverðar sviptingar í hita þegar líður á veturinn og andstæðurnar svölitið miklar.“

Þessi hlýindi eru enginn sérstakur vorboði en hver veit nema að einhver flækingsfugl eða fuglar slæðist



Einar segir að hitinn sem sjást mun á næstu dögum sé ekki afbrigðilegur á nokkurn hátt. Hér er mynd frá blíðunni í mars í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hvergi er spáð hærri hita en sunnan undir Vatnajökli í snarpri vestanátt á fimmtudagsmorgun.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur



með. Það gerist stundum þegar loft kemur langt úr suðri.“

Hann bendir á að það sem geti gerst sé að snjó taki upp sem féll norðanlands fyrir helgi og gæti það orsakað mikinn vatnsflaum. Ekki sé þó spáð rigningu þar á bæ. „Það er líka hætta á, þegar hlýnar svona snögglega og það er frost í jörðu, að það verði grjóttflug úr fjöllum. Það er til dæmis við Hvalnes. Þessar hitabreytingar losa stundum um grjót.“ benediktboas@frettabladid.is

FERMING FRAMUNDAN?



MYNDABÁS!

Partybúðin hefur tekið við rekstri tækjaleigunnar booth.is þar sem leigja má allskyns græjur fyrir partyíð!

SKJÓLUBÓÐIÐ Á BOOTH.IS



FAXAFENI 11, 108 REYKJAVÍK S: 534-0534
WWW.PARTYBUDIN.IS

Lagersala í vefverslun

Hefst 18. mars kl. 10:00 og stendur til 24. mars.



Allt að 80% afsláttur.

Frí heimsending ef keypt er fyrir 15.000.

Fullorðnir



Snaefell Technostretch jakki
~~21.000 kr.~~ 14.700 kr.



Brimhólar jakki
~~49.000 kr.~~ 34.300 kr.



Pórsmörk dúnúlpá
~~89.000 kr.~~ 62.300 kr.



Logn stuttermabulur
~~4.900 kr.~~ 2.450 kr.



Vatnajökull Softshell® jakki
~~42.000 kr.~~ 29.400 kr.



Hólar kápa
~~45.000 kr.~~ 27.000 kr.



Vatnajökull Primaloft® kápa
~~55.000 kr.~~ 33.000 kr.



Tangi bakpoki
~~14.500 kr.~~ 10.150 kr.



Dyngja dúnúlpá
~~55.000 kr.~~ 38.500 kr.



Keilir Anorakkur
~~35.000 kr.~~ 14.000 kr.



Logn hettupeysa
~~9.500 kr.~~ 6.650 kr.



Öxi léttur jakki
~~35.000 kr.~~ 24.000 kr.

Krakkar



Bragi dúnúlpá
~~36.900 kr.~~ 25.830 kr.



Loki léttur jakki
~~7.500 kr.~~ 4.500 kr.



Svanur Primaloft® galli
~~18.900 kr.~~ 13.230 kr.



Sif Primaloft® Jakki
~~18.900 kr.~~ 13.230 kr.

Lagersalan fer einnig fram á útsölumarkaði okkar á Skipagötu, Akureyri og í Faxafeni, Reykjavík.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur. Hægt er að sækja pantaðar vörur í versluninni í Miðhrauni 11.

Nýjar sóttvarnareglur taka gildi hér á landi á morgun

COVID-19 Á morgun taka gildi breytingar á sóttvarnareglum hér á landi. Með breytingunum verða meðal annars tekin gild bólu-setningarvottorð og vottorð um fyrri COVID-19 sýkingu frá ferðamönnum utan Schengen.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, segir breytingarnar koma til með að breyta miklu fyrir ferðaþjónustu í landinu.

„Stóra atriðið er náttúrulega þessi

viðurkenning á bólusetningarvottorðum vegna þess að það er, sem betur fer, sístækkandi hópur sem er bólusettur og fólk sem er með mót-efnapróf,“ segir Þórdís.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynntu breytingarnar sem um ræðir, en þær byggja á tillögum sóttvarnalæknis.

Hvað varðar almennar sóttvarnareglur í landinu er ekki um



Ráðherrar eftir ríkisstjórnarfundinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

miklar breytingar að ræða. Enn er í gildi samkomubann sem miðast við að ekki komi saman fleiri en 50 einstaklingar, þó með undantekningum.

Frá og með morgundeginum skulu allir gestir skráðir í númeruð sæti og teknar niður upplýsingar um nafn, kennitölu og símanúmer hvers og eins á öllum viðburðum. Þetta á líka við um athafnir trú- og lífsskóðunarfélaga.

Óheimilt verður að selja eða

þjóða veitingar í hléi á viðburðum og skulu gestir beðnir að halda kyrru fyrir í sætum sínum. Þá skulu skipuleggjendur viðburða tryggja að ekki séu fleiri en 50 manns í hverju sóttvarnahólfi og að ekki verði blöndun milli hólfra.

Heimilt verður að þjóða upp á hlaðborð en gestum verður skylt að sótthreinsa hendur áður og eftir að þeir sækja sér mat á borðið. Nánar má lesa um gildandi sóttvarnareglur á covid.is. – bdj



Íbúafjöldinn í Dalabyggð er undir 1000 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hefja viðræður um sameiningu

VESTURLAND Sveitarstjórn Dalasýslu hefur ákveðið að hefja óformlegar viðræður um sameiningu við Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit annars vegar og Húnaþing vestra hins vegar. Í valkostagreiningu voru ýmsir aðrir möguleikar teiknaðir upp, svo sem sameining við sveitarfélög á Vestfjörðum og Borgarbyggð, en þessir tveir möguleikar urðu ofan á.

Íbúafjöldi Dalabyggðar er undir 1.000 manna lágmarki frumvarps Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Eftir að 20 fámenn sveitarfélög mót-mæltu lágmarkinu harðlega hefur hann sagst opin fyrir því að hafa lágmarkið viðmið frekar en skyldu.

Ólíkt mörgum öðrum sveitarfélögum gerir landfræðileg lega það að verkum að Dalabyggð hefur marga kosti til sameiningar. Þá er sveitarfélagið nú þegar í samstarfi við mörg nágrannasveitarfélög um ýmis mál. – khg

Hækkun tekna

VINNUMARKAÐUR Heildartekjur einstaklinga með grunnmenntun árið 2019 voru 4,6 milljónir króna á ári og hækkuðu um fimm prósent milli ára. Þetta kemur fram á veg Hagstofunnar.

Háskólamenntaðir voru árið 2019 með um átta milljónir í heildartekjur og einstaklingar með starfs- og framhaldsmenntun voru með rétt rúma fimm og hálf milljón. – bdj

Fylgst grannnt með fisksvindli en ekki fundið sökudólga

Eftir að könnun Matis sýndi mikið tegundasvindl með fiskmeti á veitingastöðum hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur aukið áherslu á rekjanleika. Deildarstjóri matvælaeftirlits gerði alvarlegar athugasemdir við framkvæmd könnunarinnar og hefur ekki fengið upplýsingar um hvaða veitingastaði er um að ræða.

NEYTENDAMÁL Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur ekki fundið tegundasvindl með fiskmeti á íslenskum veitingastöðum þrátt fyrir að könnun Matis hafi sýnt að 48 prósent veitingastaða hefðu auglýst ranglega. Könnunin, sem gerð var árið 2016, var nýlega til umfjöllunar í grein dagblaðsins The Guardian í tengslum við tegundasvindl á heimsvísu. Samkvæmt greininni er Ísland með eitt hæsta hlutfall í heimi.

„Á undanförunum árum hefur áhersla á rekjanleika matvæla verið aukin í eftirliti bæði hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og Matvælastofnun,“ segir Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri matvælaeftirlits Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fylgst sé með birgjum, meðferð vörunnar, dagsetningum, lotunúmerum og fleiru. Þá eru vörur í kælum og frystum bornar saman við matseðla. „Við höfum verið mjög vakandi fyrir tegundasvindli síðan könnunin kom út en höfum ekki getað staðfest niðurstöðu hennar.“

Könnunin var gerð í Reykjavík, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum og langflest tilvikin fundust í Reykjavík. Var fiskurinn greindur með erfðafræðilegum aðferðum. Í þremur tilvikum var langa seld sem þorskur en í einu tilfalli var þorskur seldur sem ýsa. Dæmi voru um að keila væri seld sem steinbitur eða sem skötuselur. Þá var hlýri seldur sem steinbitur og öfugt. Fimm tilvik snerust um tegundir túnfisks.

„Í sumum tilvikum er talið að um gróðasjónarmið sé að ræða og dýrari fisk skipt út fyrir ódýrari,“



Samkvæmt rannsókninni reyndist þorskur ekki alltaf þorskur á íslenskum veitingastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

segir Sæmundur Sveinsson fagstjóri hjá Matis. En einnig hafi verið dæmi um hið öfuga. „Ekki var hægt að fullyrða hvort um ásetning af hálfu veitingasala hefði verið að ræða í öllum tilvikum. Það getur verið að þeir hafi fengið vitlaust afhent frá fiskisala. Okkur þykir full ástæða til þess að það væri meira eftirlit með tegundasvindli,“ segir hann.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fundaði með Matis eftir að könnunin kom út og óskaði eftir frekari upplýsingum. „Strax í kjölfar könnunarinnar skoðuðum við sérstaklega hvort við sæjum einhver dæmi um tegundasvindl með fisk,“ segir Óskar. „Við fengum ekki upplýsingar um hvaða veitinga-

Ekki var hægt að fullyrða hvort um ásetning af hálfu veitingasala hefði verið að ræða í öllum tilvikum.

Sæmundur Sveinsson, fagstjóri hjá Matis



staðir þetta voru og ég gerði alvarlegar athugasemdir við framkvæmd könnunarinnar.“ Hvað túnfiskinn varðar hafi verið byggt á frásögn þjóna en ekki matseðli.

„Við saum okkur ekki fært að afhenda gögnin þar sem þetta var ekki formleg úttekt heldur hluti af rannsóknarverkefni,“ segir Sæmundur. En könnunin hér var hluti af samevrópsku verkefni, Food integrity.

Sæmundur segir hættu geta falist í því að blekkja neytendur.

„Neytandinn á rétt á greinargöðum upplýsingum um matvæli og öll blekking er slæm,“ segir Óskar, þó hann hafi efasemdir um að tegundasvindl sé eins útbreitt og könnunin gefi til kynna. Hann hvetur fólk til að hafa samband við heilbrigðiseftirlitið óttist það að hafa orðið fyrir tegundasvindli. kristinnhaukur@frettabladid.is

SAFNAÐU!

EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN

Krabbameinsfélagið

MOTTUMARS

mottumars.is



Frí heimsending!

Heimsending innan tveggja tíma



Freyju Draumaegg nr 4
1.398 kr



Íslenskir tómatar 6 stk
398 kr



Steinseljubúnt ca 30 g
354 kr



Norðanfiskur, ferskur lax
2.890 kr/kg



Grísk jógúrt 350 g
347 kr



Heimshorna Taco kjúklingur
3.389 kr/kg



Philadelphia rjómaostur
520 kr



Avocado ca 250 g
247 kr/stk



Driscoll's bláber 300 g
687 kr/pk



Kristall, Mexican Lime rúta
791 kr

Uppskriftir eftir Berglinði
á *Gulur, rauður, grænn og
salt* eru á Heimkaup.is

 HEIMKAUP.IS









Fjölskyldupakkinn

Ótakmarkað net, ótakmarkaðir símar

Net, tveir farsímar og sjónvarp – allt á einum stað.

 +  +  +  = **19.990 kr.**
ALLT ÓTAKMARKAÐ

Þrýst á afsögn ráðherrans

SLÓVAKÍA Ríkisstjórn Ígors Matovic í Slóvakíu stendur á brauðfótum þessa dagana eftir að aðrir ráðherrar innan ríkisstjórnarinnar kölluðu eftir afsögn hans á mánudagskvöld. Aðrir leiðtogar í meirihlutanum hafa hótad að stíga frá borði ef Matovic segir ekki af sér. Matovic tók við embætti forsætisráðherra landsins fyrir tæpu ári en hann hefur verið sakaður um slæma stjórnarhætti í starfi.



Igor Matovic

Ákvörðun Matovic að kaupa tvær milljónir skammta af Sputnik V bóluefninu við kórónaveirunni vakti mikla reiði innan Slóvakíu enda var ekki búid að samþykkja lyfið af hálfu lyfjaeftirlits ESB. Fyrstu 200 þúsund skammtarnir eru komnir en beðið er eftir leyfi frá stjórnvöldum til að hefja bólusetningu. – kpt

Þrjátíu þúsund Bretar fengu nýtt ríkisfang

BRETLAND Tæplega þrjátíu þúsund Bretar sóttu um nýtt ríkisfang árið 2019 og voru aðeins Albanía og Marokkó með fleiri umsóknir meðal ESB-ríkja það ár.

Þetta kemur fram í upplýsingum frá Eurostat, tölfræðiveitu Evrópusambandsins. Alls bárust 706 þúsund umsóknir um nýtt ríkisfang árið 2019 og var það fimm prósent aukning á milli ára.

Flestar umsóknir bárust frá ríkisborgurum Marokkó eða tæplega 67 þúsund, eða níu prósent umsókna.

Næstir komu Albanir með 42 þúsund umsóknir en Bretar voru með sambærilegan fjölda umsókna og Síryland og Tyrkland eða tæplega þrjátíu þúsund. Flestar umsóknir Breta voru í Þýskalandi, Frakklandi og Svíþjóð en Þýskaland var sú þjóð innan Evrópusambandsins sem samþykkti flestar umsóknir um ríkisborgararétt árið 2019 eða 132 þúsund umsóknir. – kpt.



Eldar loga á götum úti í Mjanmar.

Mannfall eykst

MJANMAR Í gær höfðu að minnsta kosti 149 látið lífið í átökum á milli mótmælenda og öryggisveita hersins í Mjanmar frá upphafi valdarans hersins þann 1. febrúar. Ekkert lát virðist vera á átökum á milli mótmælenda og öryggisveita í borginni Jangún.

Síðastliðinn sunnudagur markaði blóðugasta dag mótmælanna til þessa þegar 74 mótmælendur létust í átökunum. Á mánudag létust síðan tuttugu manns til viðbótar og í gær lést að minnsta kosti einn.

Að því er kemur fram í frétt Guardian um málið fóru fjöldaútfarir fram í gær og söfnuðust hundruð manna saman víða til að kveðja þá sem létust. Eitt líkbrennsluhús í Jangún greindi frá því að 31 útför hefði farið þar fram, meðal annars sautján ára gamals læknisfræðinema sem lést á sunnudag. – fbl

Lýðræði í lúgunni



Kjósandi í Hollandi fyllir út atkvæðaseðil sinn í kosningum til þings í gegnum glugga á bil sínum í bænum Heerlen. Kjósendur fá þrjá daga til að greiða atkvæði og kosningunum að þessu sinni vegna samkomutakmarkana. Af stærð kjörseðilsins að dæma er ærið verk að kjósa. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Segja ekkert benda til tengsla milli bóluefnis og blóðtappa

Fundað var í gær um bóluefni AstraZeneca vegna tilkynninga um blóðtappa í kjölfar bólusetningar. Þó nokkur lönd í Evrópu, til að mynda Ísland, hafa hætt að nota bóluefnið tímabundið vegna málsins. Alls hafa borist fjórtán tilkynningar um dauðsföll í kjölfar bólusetningar hérlandis, öll tengjast þau Pfizer.

COVID-19 Lyfjastofnun Evrópu, EMA, og sérfræðingar um bóluefni hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, WHO, funduðu í gær um bóluefni AstraZeneca vegna tilkynninga um blóðtappa í kjölfar bólusetninga. Þó nokkur lönd í Evrópu hafa hætt að nota bóluefnið tímabundið vegna málsins.

Gert er ráð fyrir að Lyfjastofnun Evrópu muni gefa út tilmæli vegna bóluefnisins á morgun og þar með verði tekin ákvörðun um það hvað verður um bóluefnið til lengri tíma lítið. Stofnunin hefur þó gefið út að það sé hægt að nota bóluefnið áfram þar sem ávinningurinn af bólusetningu sé meiri en áhættan, ekki sé sýnt fram á bein tengsl milli blóðtappa og notkunar bóluefnis AstraZeneca.

Um það bil sautján milljónir hafa þegar fengið bóluefnið í Bretlandi og Evrópu en AstraZeneca greinir frá því að fram til síðustu viku hafi færri en 40 tilfelli blóðtappa verið tilkynnt.

Bresk lyfjafyrirvöld og WHO hafa gefið út að ekkert bendi til að tengsl séu á milli bólusetningar og tilkynninga um blóðtappa, en að því er kemur fram í frétt BBC eru tilkynningar um blóðtappa í kjölfar bólusetninga færri en búist var við almennt í samfélaginu.

Svíþjóð bættist í gær í hóp þeirra landa sem stöðvað hafa bólusetningu með bóluefni AstraZeneca tímabundið. Hér á landi var tekin ákvörðun um að stöðva notkun bóluefnisins í síðustu viku en ákvörðunin var tekin í varúðarskyni á meðan Lyfjastofnun Evrópu fjallar um möguleg tengsl bólusetninga með bóluefni AstraZeneca við blóðtappa.



Alls hafa borist 180 tilkynningar hér á landi til Lyfjastofnunar vegna bóluefnis AstraZeneca. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

» Fjórtán tilkynningar um dauðsföll í kjölfar bólusetninga hafa borist Lyfjastofnun. Þær tengjast allar bóluefni Pfizer.

Á meðal landa þar sem hætt hefur verið notkun á bóluefni AstraZeneca eru Danmörk, Þýskaland, Frakkland, Írland, Spánn og Noregur. Í Noregi hafa þrjú heilbrigðisstarfsmenn verið lagðir inn á sjúkrahús með blóðtappa eftir að hafa fengið

bóluefnið og í Danmörku má rekja eitt dauðsfall til blóðtappa eftir bólusetningu með efninu. Í Bretlandi og Belgíu verður haldið áfram að bólusetja með efninu.

Hér á landi hefur Lyfjastofnun nú fengið fjórtán tilkynningar um dauðsföll í kjölfar bólusetninga gegn COVID-19. Þetta staðfestir Rína Hauksdóttir Hvanberg, forstjóri Lyfjastofnunar. Allar tilkynningar um dauðsföll tengjast bóluefni Pfizer, en ekki er talið að um orsakasamband sé að ræða.

Greint var frá því í síðustu viku að af þeim alvarlegu tilkynningum

sem Lyfjastofnun hefði fengið væru þrjár vegna mögulegra aukaverkana með blóðtappa. Þeim tilkynningum hefur ekki fjölgað frá því fyrir helgi, en ein tilkynning um blóðtappa hefur borist fyrir hvert bóluefni sem er nú í notkun.

Hlutfallslega flestar tilkynningar eru vegna bóluefnis Moderna en 1.250 manns hafa verið fullbólusett með því bóluefni. Alls hafa 142 tilkynningar borist fyrir bóluefni Moderna. 180 tilkynningar eru síðan vegna bóluefnis AstraZeneca. fanndis@frettabladid.is, birnadrofn@frettabladid.is

LÁTTU ÞIG DREYMA



**Kynnum til sögunnar nýtt útlit á DÍS Íslensku heilsurúmum okkar.
Nú getur þú gert svefnherbergið þitt enn fallegra, eins og þig dreymir um.**

Öll okkar rúm fást nú í nýju útliti sem gerir þér kleift að velja áklæði semdýna, botn og höfðagafi eru bólstruð með. Lakið fer því einungis yfir yfirdýnuna þannig að heildarsvipur rúmsins heldur sér þegar búið er um og gerir svefnherbergið enn fallegra.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

MEIRI
HAMINGJU
Í LÍFIÐ!



ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIDVIKUDAGUR 17. mars 2021



Útrásarvikingarnar norsku draga að sér milljónir áhorfenda.

Skuggahlið peninganna

Þótt aðeins sé rúm vika frá frumsýningu annarrar þáttaraðar af Exit, eða norsku útrásarvikingunum, hafa um 1,3 milljónir þegar séð fyrsta þáttinn. Annað eins áhorf hafa þeir ekki séð hjá NRK. Exit er þar með orðin langvinsælasta þáttaröð sem gerð hefur verið í Noregi og sýnd hjá NRK. Þótt er upp á hámhörf á nrk.no fyrir þá sem búa í Noregi.

Í nýju þáttaröðinni, sem RÚV hefur tekið til sýningar, gegna konur í fjármálaheiminum stærri og mikilvægari hlutverkum en í fyrri þáttum. Þær láta til sína taka og eru hefnigjarnar. Þessi drama-sería veitir innsýn í skuggahlið nýríkra í Noregi. Í annarri þáttaröð fylgjast áhorfendur betur með hvernig fjármálamennirnir fara að því að græða peninga, hvernig félagsskap þeir eru í, hvernig þeir stunda innherjavíðskipti, en spillingin meðal þeirra allra ríkustu er rosaleg og gerir þá enn ríkari.

Varnarlausar konur

Þættirnir sýna á vissan hátt varnarsleysi kvenna sem eru fjárhagslega háðar eiginmönnum sínum og hvað gerist ef þær snúa baki við auðkýfingunum. Í þessari nýju seríu bregður fyrir dökkri veröld sem getur líka verið mannleg og stundum myndin eða sorgleg. Oftast er þetta þó líkast óraunverulegum heimi þótt þættirnir séu byggðir á raunverulegum atburðum, segir Øystein Karlsen, handritshöfundur og leikstjóri. Þarna koma fram skuggahliðar kapitalismans, peningabætti og skattaskjól. Hvað gerist þegar peningar eru orðnir mikilvægari en nánustu ættingjar?

elin@frettabladid.is



GÖNGUGREINING



FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Bókaðu tíma á faeturtoqa.is eða í síma 55 77 100
Fætur Toga, Kringlan 3.hæð og Höfðabakki 3



Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti og annar eigandi Mulier Fortis ehf. vill finna góðar vörur á góðu verði fyrir sína viðskiptavini. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Magnaðir munnúðar – meira magn og miklu betra verð

Mulier Fortis ehf. er eins árs gamalt fyrirtæki sem flytur inn fyrsta flokks bætiefni sem stuðla að betri líðan og heilbrigði. Nordaid bætiefnin eru fimm tegundir af bragðgóðum munnúðum sem innihalda náttúruleg bragðefni og sætuefni. **2**

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. mars 2021

11. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Ekki áhyggjur af framboðsskortri
Verð fasteigna að raunvirði hækki um þrjú prósent að meðaltali næstu þrjú ár, samkvæmt hagspá Arion. Í takti við meðalhækkun síðasta aldarfjórðungs.

2

Fjölgaði í fyrsta sinn frá 2015
Lágir vextir leiða til þess að almenningur fjárfestir í auknum mæli í hlutabréfum. Hluthöfum fjölgaði í öllum skráðu félögunum nema þremur.

4

SI hagnaðist um 700 milljónir
Fjármunatekjur skiluðu samtökunum nærri einum milljarði króna í fyrra. Félagið Akkur SI á verðbréfaeignir upp á tæplega 6,5 milljarða.

4

Litið um ofsetu í stjórnunum
Fáir í fleiri en tveimur stjórnunum og nánast enginn í fleiri en fimm. Hlutfall kvenna í stjórnunum 300 stærstu félaganna um 35 prósent.

8

Á að vera neyðarúrræði
Auðfengnar heimildir til hafta á fjármagnsflæði eru ekki til þess fallnar að auka traust erlendra fjárfesta á íslenskum fjárfestingakostum, segir hagfræðingur SA.

11

Hótelin munu ná vopnum sínum

Guðjón Auðunsson, forstjóri fasteignafélagsins Reita, segir að félagið hafi tekið til hliðar 1,65 milljarða vegna rekstraráfalla sem tengjast faraldrinum á þessu og síðasta ári. Segir Reiti hafa unnið varnarsigur á síðasta ári. ➔6



Við gerum ráð fyrir því að við verðum komin sémilega fyrir vind á síðasta fjórðungi þessa árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*GUCCI

Optical Studio

Nýtt - sólgleraugu 2021

www.opticalstudio.is

GEFÐU STARFSFÓLKINU DAGAMUN



Þótt árshátíðir og ýmis annar gleðskapur hafi fallið niður hjá fyrirtækjum og stofnunum er auðvelt að gefa starfsfólkinu glaðning og gera því glaðan dag. Við útbúum óskaskrín sérmerkt þínu fyrirtæki og með kveðju til starfsfólksins. Hafðu samband í síma 577 5600 eða info@oskaskrin.is.



Upplýsingafundur SA með félagsmálaráðherra um ráðningarstyrk

Í dag kl. 13:00

Samtök atvinnulífsins efna til upplýsingafundar um ráðningarstyrk, í samvinnu við Vinnumálastofnun og félagsmálaráðuneytið, **kl. 13:00 í dag 17. mars.**

Ásmundur Einar Daðason, félagsmálaráðherra mun kynna átakið **Hefjum störf** og sérfræðingar Samtaka atvinnulífsins og Vinnumálastofnunar sitja fyrir svörum. Um er að ræða klukkustundarfund í gegnum fjarfundarforrit.

[Skráning á fundinn fer fram á sa.is](https://sa.is)

Hefjum störf

Ráðningarstyrkir eru liður í átaksverkefni stjórnvalda til að fjölga störfum. Atvinnuleysi er nú í sögulegu hámarki. Með ráðningarstyrk gefst atvinnurekendum kostur á að ráða til sín starfsmenn og fá á móti styrk frá ríkinu í allt að 6 mánuði.

Almennur ráðningarstyrkur er allt að 342.784 kr. á mánuði.

Litlum og meðalstórum fyrirtækjum gefst einnig tækifæri á að ráða inn starfsfólk sem hefur verið á atvinnuleysisskrá í yfir 12 mánuði með ráðningarstyrk upp á **527.211 kr. með hverjum starfsmanni á mánuði.**

Markmiðið er að skapa allt að 7 þúsund störf með átakinu.

Kemur til greina að selja Orkureitinn

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, segir rétt að hafa ráðist í 5 milljarða hlutafjárútkningu. Fjármagnið nýtt að hluta í að greiða upp óhagstæð lán. Hlutfall fasteignaskatta af heildartekjum Reita hefur tvöfaldast á síðustu fimm árum, sem ýtir upp leiguverði eigna.

Þórður
Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Guðjón Auðunsson tók við sem forstjóri Reita í ágúst 2010 og leiddi endurreisn og endurskipulagningu félagsins í kjölfar fjármálahrunsins 2008. Félagið varð til upp úr strandi Landic Property sem endaði í eigu viðskiptabankanna. „Þegar ég er ráðinn hingað árið 2010 er meginverkefnið að koma félaginu af höndum bankanna og auðveldasta leiðin til þess er að skrá það á markað og koma því í hendur almennings.

Sú vinna hefst fljótlega upp úr 2010 og skráningin klárast svo 2015. Verkefni fyrstu árin voru að koma skikkri á efnahagsreikning félagsins og marka stefnu þess til framtíðar. Lífeyrissjóðirnir urðu svo stærstu eigendur hlutafjár félagsins og jafnframt stærstu lánveitendur með kaupum á skuldabréfum þess,“ segir Guðjón.

Nýlega var greint frá samkomulagi Reita og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á um 440 íbúðum á hinum svonefnda Orkureit. Um er að ræða 26 þúsund fermetra lóð sem teygir sig meðfram Grensásvegi á milli Suðurlandsbrautar og Ármúla. Guðjón segir að vinna Reita að uppbyggingu Orkureitsins hafi hafist fyrir tæplega fimm árum.

„Þegar endurskipulagningu félagsins og skráningu á markað er lokið þá förum við að skoða betur byggingarréttindi og -heimildir sem félagið á og könnum hvort þar séu einhver verðmæti sem hægt er að þróa frekar.

Fljótlega komumst við að því að stærstu möguleikarnir í þessum efnunum eru annars vegar Kringlureiturinn en hins vegar Orkureiturinn, en sá síðarnefndi er töluvert einfaldara verkefni en Kringlan. Orkureiturinn er núna orðinn að söluvöru enda nánast fullskipulagður og samningar við Reykjavíkurborg um uppbyggingu reitsins eru frágengnir.“

Reiturinn mögulega seldur

Að sögn Guðjóns er núna á dagskrá hjá félaginu að ákveða hvað verður gert með Orkureitinn. „Við gætum selt reitinn frá okkur í heild sinni. Við gætum líka byrjað að grafa og byggja. Eða við gætum farið einhverja millileið og verið inni í verk-



„Mér er það til efs að tilgangur Þjóðskrár með þessari breytingu hafi verið að stórauka skatta á fasteignir, en sú hefur orðið raunin.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hyggjast ekki hefja innreið á markað með íbúðarhúsnæði

Leigufélagið Alma var selt fyrir skömmu, en fyrirtækið er næststærsta leigufélag landsins með tæplega 1.100 íbúðir í rekstri, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Námu heildareignir þess um 46,6 milljörðum um mitt síðasta ár, kaupverðið 11 milljörðum króna, en kaupandinn var eignarhaldsfélagið Langisjór.

Kom til álitá hjá Reitum að

kaupa Ölmur eða önnur sambærileg félög á markaði með íbúðarhúsnæði?

„Við skoðuðum Heimavelli á sínum tíma. Það kom til umræðu stjórnar hvort ætti að kanna samlegð Reita og þess félags. Við fórum hins vegar ekkert mjög langt með það. Á Norðurlöndunum eru fordæmi fyrir því að stór fasteignafélög séu bæði með

atvinnu- og íbúðarhúsnæði. Hins vegar eru ekki nema rúmlega fimm ár síðan félagið var skráð á markað undir þeim formerkjum að það væri stærsta fasteignafélag landsins með atvinnuhúsnæði. Félagið var selt á þeim forsendum. Ef lífeyrissjóðirnir vilja koma inn á íbúðamarkað þá er ég ekki viss um að það eigi að vera í gegnum Reiti.“

efninu og fengið öflugan verktaka og aðra fjárfesta til liðs við okkur,“ segir hann, en samkvæmt áætlun munu framkvæmdir hefjast á Orkureitnum á næsta ári.

Á næstu vikum verður verkefnið og möguleikar þess kynntir fyrir áhugasömum aðilum: „Það er vel hugsanlegt að einhverjir þeirra vilji hreinlega eignast þetta verkefni í heild sinni og þar með myndi okkar aðkomu að því ljúka. Við erum núna með ráðgjafa að vinna með okkur til að móta heildarmyndina og því get ég ekki sagt með fullri vissu hvaða



Búum í hagiinn
fyrir atvinnulíf
framtíðarinnar

arionbanki.is

Rafíþróttir

KYNNINGABLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 17. mars 2021

Kynningar: RÍSí, Gaming Arena ehf., ELKO, Kísildalur, UMFÍ, Haukar, Solid Clouds ehf.



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

AOC 27" IPS 1ms 144Hz



Verð: 49.900

Logitech G432 USB



Verð: 14.990

COMPUTER.IS

Skipholti 50c - 105 Reykjavík - sími 582 6000

Lenovo LEGION 5

17,3" 144Hz IPS
Intel i7-10750H
16GB DDR4
512GB NVMe
GTX1660Ti 6GB

Verð: 299.900

Logitech G413 Mechanical



Verð: 17.990

Logitech G Pro Wireless



Verð: 26.990

Lenovo Gaming 3

15,6" 120Hz IPS
Intel i5-10300H
16GB DDR4
512GB NVMe
GTX1650Ti 4GB

Verð: 199.900

AOC 24" 1ms 144Hz



Verð: 34.900



80 lið keppa í 10 deildum í mismunandi styrkleikaflokkum í Vodafone-deild RÍSí í leiknum CS:GO.

Rafípróttir ýta undir félagslegan þroska



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Ólafur Hrafn Steinarsson fékk hugmyndina að stofnun Rafípróttasamtaka Íslands eftir að hafa unnið fyrir leikjafyrirtæki erlendis og upplifað í gegnum vinnu sína rafípróttaviðburði um allan heim. Hann fékk fólk til liðs við sig til að láta drauminn rætast.

Ólafur segir að rafípróttir hafi í raun verið til á Íslandi í langan tíma og hafi verið þekktar undir ýmsum hugtökum.

„Skjálfti var til dæmis í Digra-nesi 2004 og svo kom HRingurinn. En þetta hafa verið skammlífar tilraunir sem voru byggðar upp fyrir utan skipulagt félagsstarf. Á þessum tímamarki var þetta eiginlega bara þjónusta fyrir tölvuleikjaspilara,“ útskýrir hann.

Þegar Ólafur flutti út og fór að vinna fyrir fyrirtæki sem heitir Riot Games þá kynntist hann rafípróttum á heimsvísu.

„Ég fór í allar heimsálfur nema til Suðurskautlandsins og upplifði rafípróttaviðburði. Það skipti engu máli hvert maður fór. Það var alltaf það sama upp á teningnum. Þarna var stór hópur af fólki sem hafði það mikinn áhuga á þessu viðfangsefni að það var tilbúið að ferðast, koma saman og leggja á sig alls konar hluti til að upplifa og taka þátt í þessu áhugamáli,“ segir hann.

„Þá fékk ég ákveðna sýn. Ég hugsaði: Ef fólk er tilbúið að gera þetta þá er það örugglega tilbúið að gera margt fleira. Eins og til dæmis að taka þátt í skipulögðu hópastarfi í kringum rafípróttir. Það var eitthvað sem mér fannst vanta mjög mikið og myndi smellpassa á Íslandi.“

Þegar Ólafur flutti aftur til Íslands hitti hann Melínu Kolku, sem er núverandi varaformaður RÍSí, Ólaf Nils Sigurðsson, Hafliða Örn Ólafsson og fleira áhugafólk um tölvuleiki og bar undir þau hugmyndina um stofnun Rafípróttasamtakanna.

„Ég sagði þeim að mig langaði að gera þetta af svolitilli alvöru. Mig langaði að stofna rafípróttasamtök. Ég kynnti fyrir þeim mína sýn og hvernig mig langaði að gera þetta og þeim leisti öllum rosalega vel á hugmyndina. Við stofnuðum svo Rafípróttasamtök Íslands, RÍSí. Við höldum kynningarfund í nóvember 2018 og það er þá sem



Ólafur Hrafn Steinarsson vildi koma á fót skipulögðu hópastarfi í kringum rafípróttir en honum fannst vöntun á slíku starfi hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

við komum fram með hugtakið rafípróttir og það fær formlega skilgreiningu“ upplýsir Ólafur.

„Rafípróttir sameinar öll þau verkefni sem höfðu áður verið á Íslandi í kringum þetta áhugamál, undir nýju hugtaki sem er séríslenskt með skilgreinda merkingu. Þetta flakk á milli hugtaka: Er þetta e-sport, eru þetta tölvuleikir, eru þetta rafípróttir? Það hætti að mestu. Allir voru tilbúnir að segja: þetta heita rafípróttir og svona á þetta að vera á Íslandi.“

Einblína á fræðslu

Frá stofnun Rafípróttasamtaka Íslands hefur verið unnið mikið kynningarstarf í sjálfbodavinnu hjá öllum sem að þeim koma.

„Við erum búin að einblína mikið á fræðsluhliðina. Við höfum verið að kynna þetta fyrir öðrum en bara tölvuleikjaspilurum. Til dæmis að útskýra fyrir foreldrum, kennurum, stjórnvöldum og stjórnendum innan íþróttafélaga hvað þetta áhugamál þýðir í raun fyrir þennan hóp. Hvað þetta er mikilvægt fyrir hann og hvernig er hægt að nýta áhugann á tölvuleikjum til að gera jákvæðar breytingar í lífinu og ýta undir félagsleg tengsl og þroska,“ segir Ólafur.

„Það má í raun segja að allt sem RÍSí hefur gert á síðustu árum snúi að því að byggja upp þetta umhverfi fyrir tölvuleikjaspilara. Það er þörf á öllum föstum umhverfisins. Það er ekki nóg fyrir okkur að vera bara með barna- og unglíngastarf en enga meistara-



Frá úrslitum Lenovo-deildarinnar í Háskólabíó. MYNDIR/ÁSENDAR

flokka eða keppni á háu getustigi á Íslandi. Þá ertu ekki að vinna þig að neinu takmarki í barna- og unglíngastarfinu. Það er heldur ekki nóg fyrir okkur að vera bara með meistaraflokk en ekkert barna- og unglíngastarf, því þá eru ungmenni á Íslandi að lenda í sama veseni og ungmenni úti um allan heim; að þurfa að finna út úr því sjálf hvernig þau eiga að æfa sig og verða atvinnumenn í einhverju, þar sem gífurleg samkeppni er á heimsvísu í að komast inn í atvinnumennsku.“

77 Þá er það að eiga hugtakið rafípróttir og að það standi fyrir heilbrigða iðkun á tölvuleikja-áhugamálinu mikil búbot fyrir íslenska þjóð.

Ólafur segir að með Rafípróttasamtökunum hafi tekist að búa til umhverfi á Íslandi sem tekur utan um alla óháð getustigi og tryggir að fólk fái sem bestar aðstæður á Íslandi til að stunda áhugamálið sitt.

„Þetta hefur gengið framfarvönun. Núna erum við með hátt í 1.500 keppendur sem keppa vikulega í ýmsum leikjum og keppnum á vegum RÍSí. Iðkendur landsins eru komnir yfir 600 og það eru komnar yfir 20 rafípróttadeildir hjá ungmenna- og íþróttafélögum um allt land,“ segir hann.

„Það eru líka fleiri skipuleggjendur farnir að halda mót þar sem þátttaka er mikil. Það er allt stappfullt í öllum rafípróttadeildum landsins og biðlistar hvar sem þú drepur niður fæti. Svo er Riot Games að koma með næststærsta rafípróttaviðburð heims til landsins seinna á árinu. Það er allt í allt


þvílíkur árangur sem hefur náðst á Íslandi á stuttum tíma.“

Viðbrögðin komu á óvart

Ólafur segir að hann hafi búist við því að erfiðara yrði að fá skilning á mikilvægi þess að stofna sérstök samtök fyrir rafípróttir.

„Það kom á óvart, en ég held að fólk hafi strax upplifað hvað það skipti miklu máli fyrir okkur að eiga hugtak á Íslandi sem gerir okkur kleift að tala um þetta áhugamál á ákveðnum forsendum. Allt í einu var ekki bara talað um tölvuleiki og að þeir væru slæmir. Allt í einu gastu farið að tala um þetta út frá hugtaki rafípróttar. Það var hægt að segja við yngri spilara: Ætlaðu að reyna að verða atvinnumaður í rafípróttum? Og krakkarnir spurðu: Hvað er það? Er hægt að vera atvinnumaður? Þá var hægt að svara: Já, ef þú æfir þig og hugsar um líkamann og andlegu hliðina og leggur þig fram, þá geturðu orðið atvinnumaður. Bara þessi breyting á orðræðunni í kringum tölvuleiki er orðinn stærsti áhrifaþátturinn í því hvað rafípróttir hafa skotið sér víða langt, tel ég,“ segir Ólafur og bætir að lokum við:

„Óháð því hvort barnið þitt er í rafípróttum eða ekki og á hvaða aldri það er, þá er það að eiga hugtakið rafípróttir og að það standi fyrir heilbrigða iðkun á tölvuleikja-áhugamálinu, mikil búbot fyrir íslenska þjóð.“



Á nýjum þjóðarleikvangi rafípróttar verður eitthvað fyrir alla sem hafa áhuga á tölvuleikjum. Þar verður stór salur, einkaherbergi, stúdíó, svið og veitingastaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðarleikvangur á heimsklassa

Í sumar mun þjóðarleikvangur rafípróttar verða opnaður í Turninum í Kópavogi, þar sem aðstaða til leikjaspilunar verður á heimsklassa. Mikil áhersla verður lögð á að sinna börnum og unglíngum sem vilja æfa rafípróttir.

„Nýr þjóðarleikvangur rafípróttar mun opna í sumar undir heitinu Arena og verður staðsettur í Turninum í Kópavogi. Staðurinn mun bjóða upp á aðstoðu á heimsklassa fyrir tölvuleikjaspilun, hvort sem um er að ræða áhugafólk eða atvinnumenn í rafípróttum, og allt þar á milli,“ segir Daníel Rúnarsson, sem stýrir opnun Arena. „Arena er stærsta fjárfestingin í geiranum til þessa en þar munu á annað hundrað gesta geta notið ábyrgðar tölvuleikjaspilunar ásamt veitinga og annarrar tengdrar afþreyingar, bæði í opnum rýmum og einkaherbergjum. Leikvangurinn á eftir að verða algjör bylting og það er von okkar sem standa að honum að hann eigi eftir að vera mikil lyftistöng fyrir vöxt geirans hér á landi næstu árin.“

Að sögn Daníels hafa rafípróttir og tölvuleikjaspilun vaxið gríðarlega á síðustu árum og má hæglega tala um sprengingu á þessu sviði undanfarna mánuði, bæði innanlands og á heimsvísu. „Tölvuleikjajafnaðurinn veltir tæplega þrefalt meira fé á heimsvísu en kvikmynda- og tónlistargeirarnir samanlagt. Sem dæmi um áhugann á rafípróttum þá horfðu fleiri á beinar útsendingar frá keppni í rafípróttum á síðasta ári en á útsendingar frá golfi, eða yfir 500 milljónir áhorfenda.“

Frábær aðstaða

Á Íslandi er keppt í ýmsum greinum rafípróttar að sögn Daníels og nefnir hann sem dæmi að í einni þeirra, Vodafone deildinni í CS:GO, sé nú keppt í tíu deildum.

„Arena er stærsta fjárfestingin í geiranum til þessa en þar munu á annað hundrað gesta geta notið ábyrgðar tölvuleikjaspilunar ásamt veitinga og annarrar tengdrar afþreyingar, bæði í opnum rýmum og einkaherbergjum. Leikvangurinn á eftir að verða algjör bylting.“

Til samanburðar er keppt í fimm deildum í fótbolta á Íslandi. „Þessi mikli áhugi sýndi okkur að það væri þörf á miðstöð rafípróttar á Íslandi. Þess vegna fórum við af stað með að opna Arena, þjóðarleikvang rafípróttar, í samstarfi við Rafípróttasamtök Íslands, RÍSí.“ Í Arena munu allir sem áhuga hafa á tölvuleikjum finna eitthvað við sitt hæfi. „Þar verður aðstaða til leikjaspilunar á heimsklassa. Við munum meðal annars bjóða upp á öflugustu tölvur og skjái sem fánlegir eru, sérhannaða stóla fyrir tölvuleikjaspilun, öflugustu nettengingu landsins og svo mætti lengi telja.“

Úrvals veitingastaður

Hægt verður að spila í stórum sal í tölvum þar sem spilarar sitja hlið við hlið í svokallaðri LAN-uppsættingu. „Auk þess verða í boði lokuð einkaherbergi sem vinnuhópar og vinnufélagar geta leigt saman. Jafnframt verður sér svæði fyrir Playstation 5 leikjatölvur ásamt einkaherbergi fyrir þær. Einnig verður sérstök aðstaða fyrir rafípróttalið og þjálfara þeirra

fyrir æfingar og keppni.“

Í Arena verður einnig fullbúið stúdíó og svið fyrir beinar útsendingar frá keppnum sem haldnar eru á staðnum sem og á netinu en allar útsendingar á vegum RÍSí, á Stöð Esport, verða sendar út frá Arena. „Fyrir utan allt þetta verður starfræktur veitingastaður í rýminu sem hægt er að heimsækja án þess að spila tölvuleiki eða sameina heimsóknina með leikjaspilun. Til að undirbúa opnun staðarins höfum við fengið í lið með okkur tvo landsliðskokka svo gera má ráð fyrir því að enginn fari svangur út af veitingastaðnum.“

Samstarf hafið

Mikil áhersla verður lögð á að sinna börnum og unglíngum sem vilja æfa rafípróttir og er nú þegar komið í gang samstarf við nærliggjandi íþróttafélög að sögn Daníels. „Í dag eru allt að 1.000 börn sem stunda skipulagðar æfingar hjá íþróttafélögum sínum á sama markvissa hátt og hægt er að æfa aðrar greinar eins og fót-, hand- og körfubolta. Æfingarnar eru oftast tvisvar í viku, 90 mínútur í senn, og á þeim er lögð áhersla á taktíska hugsun við leikjaspilun en einnig á líkamlega og andlega þjálfun.“

Hvort sem fólk er hrifið af því að kalla tölvuleikjaspilun íþrótt eða ekki eru kostir skipulagðra æfinga ótvíræðir, bætir Daníel við. „Ungmennin fá þar tækifæri til að hitta í raunheimum jafnaldra sína með sömu áhugamál, ásamt því að mikilvægi líkamlegrar og andlegrar þjálfunar er kennt. Þetta snýst því jafn mikið um lýðheilsu og almenna heilsu barnanna okkar eins og að auka færni þeirra í tölvuleikjum. Að lokum má nefna að tækifærin til skólasyrkrja vegna árangurs í rafípróttum eru að aukast ár frá ári en um 300 háskólar í Bandaríkjunum bjóða nú verðmæta skólasyrki fyrir rafíþróttafólk.“



Það eru skiptar skoðanir um rafípróttir. „En hvort sem fólk er hrifið af því að kalla tölvuleikjaspilun íþrótt eða ekki, eru kostir skipulagðra æfinga ótvíræðir,“ segir Daníel Rúnarsson hjá Gaming Arena. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Melina Kolka Guðmundsdóttir er varaformaður RÍSí og hefur haft áhuga á tölvuleikjum allt frá barnæsku. Hún hefur stofnað kvennahóp sem spilar rafípróttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvetur stelpur til að stunda rafípróttir



Elin Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Melina Kolka Guðmundsdóttir, varaformaður Rafípróttasambands Íslands, hefur lengi verið aðdáandi tölvuleikja. Hún er mikil baráttukona fyrir því að stelpur komi meira að borðinu í þessari íþrótt.

Melina Kolka segir að rafípróttir séu í mikilli sókn hér á landi. „COVID hefur heldur betur ýtt undir þennan áhuga,“ segir hún. „Krakkar sem höfðu verið í hefðbundnum íþróttum en gátu ekki mætt á æfingar né hitt vini sína fóru yfir í rafípróttir. Bæði strákar og stelpur hafa verið í þessu þótt ég verði að viðurkenna að þeir séu fleiri. Ég hef fundið að íþróttafélögin hafa hvatt stelpur til að vera með og vilja fá fleiri. Það hefur færst í vöxt að íþróttafélögin bjóði aðstöðu fyrir rafípróttir enda finna þau vel fyrir aukinni eftirspurn. Íþróttir eru hvetjandi og það er mjög gott þegar íþróttafélögin standa að þessu fyrir krakkana, enda bera þau traust til þeirra. Við viljum að rafípróttir séu góður kostur ekki síður en aðrar íþróttir og viljum vanda til verka. Íþróttafélögin hafa allt til þess að gera þetta á faglegan hátt.“

Stofnuðu Tík

„Ég hef alltaf lagt áherslu á að fá stelpur til að spila tölvuleikina. Ég stofnaði því hóp fyrir stúlkur á öllum aldri til að kynna og finna fyrirmyndir á þessu sviði. Það hefur gengið ótrúlega vel. Það eru yfir eitt þúsund konur í þeim hópi núna. Við erum með Facebook-hóp sem nefnist Tík sem þýðir Tölvuleikjasamband íslenskra kvenna.“

Við erum tvær úr þessum hópi sem erum að fara út á land fljótlega til að vekja athygli á þessum félagskap. Þetta er karllægt umhverfi og mjög mikilvægt að leiða konur inn á þessa braut,“ segir Melina.

Melina Kolka er einn af stofnendum Rafípróttasambandsins og situr í stjórn þess. „Við stofnuðum félagið fyrir þremur árum og héldum fyrsta fundinn okkar í árslok 2018. Fyrsta mótið sem við héldum var síðan 2019,“ segir hún. „Það voru í kringum 400 manns sem tóku þátt í þessu fyrsta móti og við fundum sterkt fyrir áhuganum. Krakkarnir fengu að fara á svið og spila Fornite við stjórnur á borð við Steinda JR og Herra hnetusmjör,“ segir Melina.

Ný miðstöð

Hún segir margt nýtt vera að gerast hér á landi í sambandi við rafípróttir. „Við erum að fara í spennandi verkefni að koma upp miðstöð fyrir rafípróttir í Turninum í Kópavogi. Við vonumst eftir því að geta opnað í sumar og vera með viðburði í kringum það. Um það bil 200 tölur verða í salnum sem hægt verður að leigja. Einnig verður veitingasala á staðnum og áhorfendasalur. Auk þess verður Rafípróttasambandið með stúdíó þar sem hægt verður að taka upp spjallþætti, viðburði og keppni.“

Heimsmót í Laugardalshöll

MSI verður haldið í Laugardalshöll í maí, að sögn Melínu en það er alþjóðlegur rafípróttaviðburður og eitt stærsta rafípróttamót heims, League of Legends Mid-Season Invitational. Búið er við að fjöldi fólks muni koma til landsins í

Það hefur færst í vöxt að íþróttafélögin bjóði aðstöðu fyrir rafípróttir enda finna þau vel fyrir aukinni eftirspurn.

tengslum við mótið. Vitaskuld verður öllum sóttvörnum fylgt og sýni tekin reglulega. Þetta mun verða stórt tækifæri til að kynna Reykjavík þar sem áhugi á rafípróttum er mikill í heiminum. Spilaður verður League of Legends sem er einn vinsælasti tölvuleikur heims og áhorf á beinar útsendingar frá keppnum atvinnumanna njóta gríðarlegra vinsælda. Alls horfðu um 23 milljónir manns á beina útsendingu frá úrslitaleiknum á heimsmeistarámótinu í leiknum sem fram fór í Shanghai í desember síðastliðnum, og um hundrað milljón einstakir áhorfendur fylgdust með útsendingum frá heimsmeistarámótinu 2019.

„Þetta verður risastórt mót og búið við að um 500 milljónir um allan heim muni fylgjast með því,“ segir Melina. „Þessi viðburður er stærri en Super Bowl. Íslendingar eiga atvinnumenn í greininni og margir sem spila á eigin vegum um allan heim.“

Hreyfing nauðsynleg

Melina segir að þátttakendur séu á öllum aldri. „Í grasrótastarfi okkar eru krakkar átta til sextán ára. Það eru mismunandi leikir fyrir krakkana miðað við á hvaða aldri þau eru. Þeir sem keppa í Vodafone-deildinni eru eldri. Þá hafa foreldrar tekið virkan þátt í þessu með börnum sínum. Það er mjög góður liðsandi í þessari íþrótt enda spennandi að vera með. Við leggjum aðaláhersluna á hvernig krakkarnir stunda tölvuleiki. Það þarf að sitja rétt, drekka vatn og hreyfa sig reglulega á milli þess sem setið er við tölvuna.“

Enginn fær að sitja við tölvuna í lengri tíma. Íþróttafélögin eru með sérstaka æfingaaðstöðu þar sem krakkarnir æfa á milli þess sem þau sitja við tölvuna. Sömu leiðis fá þau góðar teygjur sem er afar mikilvægt og hita vel upp hendurnar til að koma í veg fyrir sinaskeiðabólgu. Foreldrar hafa sagt að krakkarnir hugsi öðruvísi um tölvuleiki þegar þau eru hjá íþróttafélögunum og eru sjaldnar í tölvu heima. Við höfum fundið mikla ánægju frá foreldrum.“

Passað upp á mannleg samskipti

Um 20 íþróttafélög á landinu bjóða upp á rafípróttir og iðkendur eru í kringum eitt þúsund. Hjá hverju félagi er tveir til fjórir þjálfarar. „Vinnuálagstofnun hefur styrkt okkur til að fá fólki sem er í atvinnuleit til liðs við okkur. Fólkið er síðan þjálfað til að gegna þessu starfi. Krakkarnir læra mannleg samskipti og hvernig til dæmis einelti er ekki liðið. Það er gaman að segja frá því að börn af erlendum uppruna blómstra ekki síður í rafípróttum en þau sem eru íslensk. Tölvuleikirnir eru allir á ensku og gaman að sjá hversu fær þau eru í því að tjá sig.“

Melina segist hafa haft áhuga á tölvuleikjum frá barnaldri. Hún fann fljótt fyrir áhuga á að gera eitthvað í kringum þennan áhuga eins og að stofna samtök. Hún hefur kynnst mörgum í kringum tölvuleikina og meðal annarra kærastanum sem býr til tölvuleiki. „Hann er framkvæmdastjóri hjá Myrkur Games þannig að við sitjum sitt hvorum megin við borðið sem er mjög skemmtilegt,“ segir Melina.

TIL ÍSLAGINN!

5 ÁRA
ÁBYRGÐ!



5 ÁRA
ÁBYRGÐ!

Leikjaborð Fighter
Verð: 45.149.-

5 ÁRA
ÁBYRGÐ!



Leikjastóll Commander
Verð: 37.979.-

KEMUR
Í APRÍL



Leikjastóll Commander
með LED lýsingu
Verð: 45.139.-



Nintendo Switch
Verð: 64.999.-

5 ÁRA
ÁBYRGÐ!



Fótskemill fyrir leikjastól
Verð: 17.639.-



Nuddpúði í leikjastól
Verð áður: 8.299.-



Hátalari Muvo Play
Verð: 9.999.-



5 ÁRA
ÁBYRGÐ!

Tölvumús Azazin 6400
Verð: 4.769.-



Heyrnartól með hljóðnema Twister
Verð: 6.899.-

5 ÁRA
ÁBYRGÐ!



Hljóðnemasett
fyrir streymi
Verð: 18.899.-



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Sama hvað þú spilar – við spilum með þér

ELKO býður upp á mikið úrval af alls kyns leikjatlöllum og aukabúnaði fyrir þær og vill sinna öllum gerðum af tölvuleikjaspilurum.

ELKO býður upp á mikið úrval af tölum, leikjatlöllum og aukabúnaði sem hjálpar til við að taka alla tölvuleikjaspilun upp á næsta stig. ELKO tekur virkan þátt í uppbyggingu rafípróttasenuunnar og hefur verið lögð rík áhersla á að þjónusta rafípróttalið, sem geta bæði keypt og leigt þann búnað sem þarf, til að koma upp aðstöðu til að taka á móti iðkendum ípróttarinnar, hvort sem spilarar eru þrautreyndir eða að stíga sín fyrstu skref í rafípróttum. Hjá ELKO er hægt að fá allan nauðsynlegan búnað til að spila tölvuleiki, sama á hvaða tölvu fólk vill spila og hvort það er til afþreyingar eða rafípróttaiðkunar.

„Við hjá ELKO viljum hjálpa leikjaspilurum að ná árangri og hafa gaman. Tölvuleikjaáhugi er í vexti og hefur úrval í ELKO aukist í takti við það. Við leggjum mikið upp úr stuðningi við rafípróttir og streymi og bjóðum upp á vörur fyrir hvort tveggja,“ segir Sindri Snær Thorlacius, vörustjóri hjá ELKO. „Tölvuleikjaspilun skiptist gjarnan í flokka og við viljum sinna þeim öllum, hvort sem um er að ræða borðtölvur eða far-tölvur, Playstation eða Nintendo, sýndarveruleika eða streymi.“

Litríkar PC-tölvur og allir aukahlutir

„Í borðtölvum og fartölvum bjóðum við upp á Acer, Lenovo, HP, ASUS og MSI leikjatlölvur, en allir þessir framleiðendur bjóða upp á frábæra valkosti fyrir leikjaspilara á breiðu verðbili,“ segir Sindri. „Hjá okkur fæst líka aukabúnaður fyrir leikjaspilara frá flestum þekktustu vörumerkjunum, svo sem Logitech, Sony, Razer, Steelseries, HyperX, Sennheiser/EPOS, Corsair, Xtrfy og fleirum. Nýlega bættist svo við spennandi vörumerki sem heitir NOS, en það býður upp á ódýra en vandaða valkosti í leikjavörum.“

Þegar kemur að búnaði sækjast tölvuleikjaspilarar yfirleitt eftir hraða og endingu en nýlega hefur litagleði líka komið sterk inn,“ útskýrir Sindri. „Vöruframboðið er því ekki lengur nánast bara í svörtum lit heldur skarta nú mörg tækin skrautlegri litalýsingu.“

Nýjar leiðir til að spila leiki

„Seint á síðasta ári kom út ný kynslóð af Playstation-leikjatlölvunni sem vakti mikið umtal og áhuga. Tölvun seldist upp á örskotsstundu á heimsvísu og bíða margir spenntir eftir næstu sendingum,“ segir Sindri. „Áhugi á hinum framtíðarkennda sýndarveruleika hefur aukist mikið en í ELKO má til að mynda finna vörur á borð við Playstation VR, HTC Vive og hin gríðarvinsælu Oculus sýndarveruleikagleraugu.“

Í samkomubanninu tókum við eftir aukinni eftirspurn í vörur tengdar akstursípróttar- og flugleikjum og bjóðum við nú upp á meira úrval en nokkru sinni af spennandi vörum frá Thrustmaster og Logitech,“ segir Sindri. „Í verslun ELKO í Lindum er veglegt „Gaming“-svæði þar sem hægt er að skoða allar helstu leikjavörurnar og svo er auðvitað allt úrvalið sjáanlegt á elko.is.“

Nýlega voru settar upp prufustöðvar fyrir borðtölvur og aukabúnað á Gaming-svæðinu í ELKO Lindum. Þar geta áhugasamir prófað vinsæla rafípróttaleiki í mismunandi búnaði og fundið muninn á milli þeirra og tekið upplýstari kaupákvörðun,“ segir Sindri. „Svo er auðvitað 30



Sindri Snær Thorlacius og Stefán Pétur Kristjánsson segja að ELKO vilji hjálpa leikjaspilurum að ná árangri og hafa gaman, með því að bjóða upp á það besta sem völ er á fyrir allar gerðir tölvuleikjaspilunar. Þar geta rafípróttalið líka fengið mikinn og fjölbreyttan stuðning. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Nýlega voru settar upp prufustöðvar fyrir borðtölvur og aukabúnað á Gaming-svæðinu í ELKO Lindum. Þar geta áhugasamir prófað vinsæla rafípróttaleiki í mismunandi búnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

daga skilaréttur á leikjavörum keyptum í ELKO svo það má prufa vöruna og skipta eða skila ef viðkomandi er ekki sáttur við kaupin.“


Viðtæk þjónusta fyrir rafípróttalið

„Að velja réttan búnað sem hentar vel til rafípróttar getur skipt höfuðmáli fyrir heildarupplifun iðkenda og við hjá fyrirtækjaþjónustu ELKO bjóðum upp á virkilega flott úrval á mörgum verðbilum sem ætti að henta öllum rafípróttafélögum,“ segir Stefán Pétur Kristjánsson hjá fyrirtækjaraðgjöf ELKO.

„Í dag eru mörg félög/rafípróttadeildir nú þegar að spila með búnað frá okkur og eftirspurnin er gríðarleg, enda bjóðum við upp á allan pakkann og getum hjálpað með uppsetningu á búnaði sé þess þörf,“ segir Stefán. „Ef eitthvað kemur upp á ábyrgðartíma erum við líka til staðar og við erum lausnamiðuð, enda höfum við tileinkað okkur þá hugmyndafræði að „það sem skiptir þig máli, skiptir okkur máli.“

Það er virkilega gaman að fylgjast með hversu hröð þróunin hefur verið á stuttum tíma í rafípróttum á Íslandi og það er aðdáunarvert að sjá hvað utanumhald er flott hjá þeim félögum sem við höfum starfað með,“ segir Stefán. „Við bjóðum bæði upp á flott staðgreiðslutilboð á búnaði fyrir félög, sem og rekstrarleigu þar sem allur búnaður er skotheldur á samningstímabilinu fyrir fast mánaðargjald. Rekstrarleigan hefur sótt í sig veðrið þar sem fjármagn er mismikið þegar svona verkefni eru í startholunum.“

Þannig að ef það er einhver þarna úti með þann draum að stofna rafípróttalið er um að gera að hafa samband við okkur og við hjálpum til við að láta drauminn rætast,“ segir Stefán. „Það er sama hvað þú spilar, við spilum með þér.“



Í verslun ELKO í Lindum er veglegt Gaming-svæði þar sem hægt er að skoða allar helstu vörurnar sem tengjast tölvuleikjum, hvort sem það eru aukahlutir eða ýmiss konar skemmtilegur varningur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nánari upplýsingar um vöruframboð ELKO er að finna á heimasíðunni, elko.is.

GJAFIR FYRIR LEIKJASÉRFRÆÐINGA Á ÖLLUM ALDRI



144 HZ
SKJÁR

Acer Nitro 5 15,6" leikjafartölva

- Skjár: 15,6" Full HD 1920x1080 IPS 144Hz
- Örgjörvi: 4 kjarna Intel Core i5-10300H 2,50-4,50 GHz
- Skjákort: Nvidia GeForce GTX 1660 Ti
- Vinnsluminni: 8 GB DDR4 2933 MHz
- Minni: 512 GB M.2 NVMe SSD
- Rafhlaða: Allt að 9 klst. rafhlöðuending
- Þyngd: 2,30 kg

199.995

EDA 18.005 KR. Á MÁNUÐI
M.V. 12 MÁN. LÁN A 0% VOXTUM - ALLS 216.065 KR. - ÁHK 14,3%



NOS M-600 V2 leikjamús

- Allt að 6400 DPI
- Fléttuð 1,8 m snúra
- 7 takkar
- RGB lýsing
- Aðeins 69 g

NOS396130

4.990



NOS C-250 RGB Pro Mini leikjalyklaborð

- Rauðir mekanískir rofar
- 60% stærð - án talnaborðs og F-takka
- RGB lýsing
- Ofin snúra

NOSC250MINI396144

8.990



HP Pavilion Gaming leikjafartölva

- Örgjörvi: 4 kjarna AMD Ryzen 3-4300G 3,80-4,00 GHz
- Skjákort: Nvidia GeForce GTX 1650
- Vinnsluminni: 8 GB DDR4 3200 MHz
- Minni: 512 GB M.2 NVMe SSD

HP2F0J7EAUW

129.990



1 MS
144 HZ
SKJÁR

AOC C24G2 24" leikjaskjár

- Full HD 1080p upplausn
- VA panel, 1 ms, 144 Hz
- HDMI, DisplayPort
- VESA 100x100 festingagöt

AOC2490VXA

39.990



Razer Edition Tarok Pro leikjastóll

- Margar stillingar í boði
- Áklæði sem andar
- Stillanlegir armar
- Memory foam púðar fylgja

RAZTAROKPRO002

54.995



FLEIRI
LITIR Í
BOÐI

Razer Seiren Mini hljóðnemi

- Smár condenser USB hljóðnemi
- Supercardioid upptökumynstur
- Málmstandur fylgir
- 16-bit/48 kHz hljóðupptaka

RAZI903450100R3M1

10.995



EPOS GSP 301 leikjaheyrnartól

- Memory foam púðar
- Frábær Noise cancelling hljóðnemi
- Minijack tenging
- Skrunhjól fyrir hljóðstyrk

SEPCGSP301

16.995



PS4 Assassin's Creed: Valhalla

PS4ACVALHALL


12.995



PS4 Call of Duty: Black Ops Cold War

PS4CODBOCW

13.995



Switch: Super Mario 3D All-Stars

SWISM3DAS

10.495



RAUÐVÍN OG KLAKAR

Steindi Jr MVPete Digital Cuz Óli FKN Jó

FIMMTUDAGA 21:00



ESPORT

Rafípróttar eru komnar til að vera

Næsta haust verður boðið upp á sérstaka rafípróttabraut hjá grunnskólanum NÚ í Hafnarfirði. Áhugi á rafípróttum hefur vaxið gríðarlega undanfarið ár og tækifærin eru mörg.

Grunnskólinn NÚ er ætlaður fyrir unglunga í 8.-10. bekk en skólinn var stofnaður árið 2016 og leggur megin áherslu á íþróttir, heilsu og vandinám. Haustið 2021 verður í fyrsta skipti boðið upp á sérstaka rafípróttabraut innan skólans, ásamt afreksbraut og heilsuþraut, þar sem nemendum gefst tækifæri til þess að flétta saman skyldunámið við áhugamálið sitt, segir Kristján Ómar Björnsson, heilustjóri NÚ.

„Hugmyndafræði skólans gengur út á að tengja saman innri áhugavöt nemenda við grunnskólanámið og stuðla þannig að virkni, frumkvæði og ábyrgð hjá nemendum. Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Aðalnámsskrár eiga tæp 22% af námstíma nemenda í unglingsdeild að heyrast undir valgreinar og upplýsinga- og tæknimennt, sem gefur mikil tækifæri til þess að útfæra einstaklingsmiðað nám.“

Þann 26. mars nk. verður opnað fyrir umsóknir fyrir skólaárið 2021-22 inni á heimasíðu NÚ, www.framsynmenntun.is. Sérstakur kynningarfundur um rafípróttabrautina verður haldinn miðvikudaginn 12. maí kl. 17.30, í húsnæði NÚ við Reykjavíkurveg 50 í Hafnarfirði.

Áhuginn sprungið út

Kristján Ómar hefur starfað í ára- raðir á vettvangi hefðbundinna íþróttar og þar unnið mikið með afreksíþróttamönnum. Hann segir stutt síðan hann hafi í raun uppgötvað hversu mikil tækifæri og áskoranir felast í heimi rafíþróttar. „Áhuginn á rafípróttum hefur sprungið út á skömmum tíma. Það er því mikil vakning í gangi um þessar mundir sem er jákvætt, en ég hugsa að við sem samfélag hefðum átt að vera búin að bregðast fyrir og betur við því sem er búið að vera að gerjast í mörg ár.“

Hann segist hafa reynt að útskýra það sem er í gangi í dag með því að spegla það í því sem hann telur vera sögulega hliðstæðu. „Hefðbundin íþróttafélagastarfsemi, sem er ákveðinn hornsteinn í samfélagi okkar í dag, á rætur að rekja til þeirra samfélagsbreytinga sem áttu sér stað á fyrri helmingi síðustu aldar þegar fólk flutti úr sveitum í þéttbýli. Þá safnaðist saman fjöldi ungmenna sem höfðu meiri frítíma en áður og þörf skapaðist fyrir skipulagt og uppbyggilegt starf fyrir þetta unga fólk.“

Miklar samfélagsbreytingar

Í dag eru að eiga sér stað enn meiri og hraðari samfélagslegar breytingar að hans mati. „Nú flykkist fólk úr raunheiminum yfir í sýndarheimana sem geymast bak við skjáinn, sem verða sífellt fullkomnari og með meira aðdráttarafl. Börn, unglingar og ungt fólk verja mörg hver miklum hluta af tíma sínum við skjáinn, en þessi mikli áhugi hefur í för með sér bæði mikil tækifæri og ákveðnar hættur.“

Hann segir að við sem samfélag stöndum frammi fyrir þeirri stóru áskoranu að þurfa að vekja sem flesta til meðvitundar um nauðsyn þess að rækta sína raunheimafærni og eiga um leið í heilbrigðu sambandi við skjáinn. „Þetta gerum við eldri kynslóðir með því að viðurkenna áhugamál unga fólksins, sýna skilning og sýna vilja til þess að hjálpa til við að stíga inn og skapa uppbyggilega



Kristján Ómar segir að næsta haust verði boðið upp á sérstaka rafípróttabraut hjá grunnskólanum NÚ í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Áhuginn á rafípróttum hefur sprungið út á skömmum tíma. Það er því mikil vakning í gangi um þessar mundir sem er jákvætt en ég hugsa að við sem samfélag hefðum átt að vera búin að bregðast fyrir og betur við því sem er búið að vera að gerjast í mörg ár.

Kristján Ómar Björnsson

legt umhverfi fyrir þessa iðju. Við þurfum ekkert að skilja allt sem er verið að gera í öllum tölvuleikjunum, heldur sýna vilja til að nýta tækifærið sem liggur í því að svona sterkur áhugi á einhverju sé til staðar hjá einstaklingum og beina þeirri orku inn á jákvæðar brautir. Tölvur og tölvuleikir eru geggjaðir, en maður verður áfram manns gaman og ég tel að hin hefðbundnu gildi íþróttanna eigi sama erindi við heim rafíþróttanna.“

Spennandi námskeið

Nýlega útvíkkuðu Haukar í Hafnarfirði starfsemi gamallar skákeildar sinnar í hugaríþróttadeild. Deildin býður upp á spennandi námskeið í samstarfi við NÚ fyrir 9-18 ára sem eru blanda af rafíþróttum, skák- og heilaprautum, og hreyfingu. „Áhersla er lögð á leikina Fortnite, Rocket League, CS:GO og Call of Duty. Rafípróttirnar eru í forgrunni, en félagsleg virkni er ekki síður markmiðið með námskeiðunum enda lýkur hverju námskeiði með félagslegum atburði þar sem hópurinn hittist og gerir sér gláðan dag. Boðið er upp á námskeið fyrir 8-12 ára annars vegar og svo 13-18 ára hins vegar.“

Fram undan eru fleiri spennandi verkefni. „Vonandi getum við fljótlega boðið upp á sérstakar skákæfingar þar sem við teflum í tölvum. Í sumar munum við líka



Flott aðstaða er fyrir rafípróttir í skólanum.

Æfingatafla

- 8-12 ára aldur - Hópur 1
mánudagar 15.15-16.30
fimmtudagar 15.15-16.30
- 8-12 ára aldur - Hópur 2
mánudagar 16.30-17.45
fimmtudagar 16.30-17.45
- 12-18 ára aldur - Hópur 1
mánudagar 16.30-17.45
fimmtudagar 16.30-17.45

Næstu námskeið hefjast mánudaginn 20. mars

bjóða upp á námskeið á daginn, enda er mikil vöntun á námskeiðsframboði fyrir ákveðna hópa af 10-15 ára krökkum sem eru vaxin upp úr leikjanámskeiðunum en ekki farin að vinna. Námskeiðin má niðurgreiða með frístundastyrkjum sveitarfélaganna. Æfingarnar fara fram í húsnæði NÚ við Reykjavíkurveg 50.

Nánari upplýsingar um NÚ má finna á framsynmenntun.is og upplýsingar um Hugaríþróttadeild Hauka má finna á haukar.is/ hugarithrottir



Rafípróttabrautin vekur líklega mikla athygli hjá krökkum í Hafnarfirði.



Spennandi námsefni.

Samblanda af tækni, list og sköpunargáfu

Tölvuleikjafyrirtækið Solid Clouds hefur á undanföllum árum unnið að því að byggja upp tæknigrunn fyrir leikinn Starborne en grunnurinn mun nýttast þeim til að búa til nýjar vörur á skemmri tíma í framtíðinni.

Stefán Gunnarsson er annar stofnenda Solid Clouds. „Fyrirtækið var stofnað með það í huga að búa til tölvuleiki og við sáum ákveðið tækifæri í að koma inn á markaðinn í gegnum herkenskuleiki þar sem strategíur eru í fyrirrúmi,“ greinir hann frá.

„Upprunalegt markmið var að búa til fjölspilunarleiki þar sem þúsundir af spilurum gátu komið saman og byggt upp geimveldi á sameiginlegu leikkorti. Margir líktu þessu við að taka Civilization sem er mjög þekktur tölvuleikur og blanda saman þessu massive multiplayer-elementi inn í hann.“

Úr varð geimleikurinn Starborne Sovereign Space. „Hann var fyrst gefinn út til almennings 2. apríl í fyrra og viðtökurnar hafa verið nokkuð góðar. Við höfum fengið 350.000 spilara til að prófa leikinn og hann lifir nokkuð góðu lífi enn þá.“

Flókið í framkvæmd

Stefán segir fjölspilunarvörur og leiki vera bæði flókin og stór í framkvæmd. „Við vildum því búa til ákveðið framework eða tæknigrunn til að auðvelda okkur og stytta leiðir til að búa til margar vörur í framtíðinni,“ útskýrir hann.

„Fyrsta varan er erfiðust og síðan náum við einhverjum takti og getum þá kannski komið með nýjar vörur á tveggja til þriggja ára fresti út frá þessari tækni.“

Stefán nefnir þá fleiri aðila sem



Stefán segir Norðurlöndin standa framarlega í bransanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Núna eru líka kynslóðir spilara og svo er þetta líka vaxandi iðnaður í þróunarlöndum sem hefur í för með sér ákveðin margföldunaráhrif.“

hafi beitt þessari nálgun með góðum árangri. „Það má líta til fyrirtækja eins og Paradox í Svíþjóð, en þeir hafa einmitt búið til ákveðinn tæknigrunn sem þeir halda svo áfram að vinna með.“

„Þessi tæknigrunnur er í dag kominn á góðan stað hjá okkur. Það tók alveg fjögur, nánast fimm ár, að búa til fyrstu vöruna en núna er búið að klára helminginn af vinnunni.“

Blómstrandi iðnaður

Stefán segir margt hafa breyst og muni breytast á komandi árum hvað tölvuleiki snertir. „Það er mikil spilun í dag miðað við þegar ég var krakki og foreldrar hafa oft áhyggjur af börnunum sínum í kringum þetta. En tölvuleikjarmarkaðurinn er í gríðarlegum vexti og á eftir að vera það næstu árin,“ segir hann.

„Núna eru líka komnar eldri kynslóðir spilara og svo er þetta líka vaxandi iðnaður í þróunarlöndum sem hefur í för með sér ákveðin margföldunaráhrif. Þessi iðnaður er nú þegar orðinn stærri en kvikmyndaiðnaðurinn og hefur alla burði til þess að verða skapandi iðnaður á Íslandi,“ upplýsir Stefán.

„Við höfum þegar séð keim af því en eitt af fyrstu fyrirtækjunum var auðvitað CCP og í dag starfa ansi margir við tölvuleikjagerð og það á bara eftir að aukast. Þetta eru yfirleitt mjög skemmileg störf þar sem

tæknin, listin og sköpunargleðin fá að njóta sín saman, sem er ekki alltaf sjálfgefið í öðrum iðnaði.“

Þessa þróun megi meðal annars greina hjá Solid Clouds þar sem starfsfólki fer sífellt fjölgandi. „Við erum alltaf að leita að hæfileikaríku starfsfólki. Í dag erum við 17 talsins og það litur út fyrir að við bætum við átta starfsgildum í ár.“

Norðurlöndin framarlega

Stefán segir mikla gæfu að geta unnið þetta hér á landi. „Ísland er að mörgu leyti mjög hentugt fyrir þennan iðnað. Hér er hátt tjáningarfrelsi, við búum við mikið öryggi í þjóðfélaginu og hátt menntunarstig. Norðurlöndin eru mjög framarlega í tölvuleikjagerð og þessi nýsköpun kemur oft frá þeim enda hafa mörg stærstu tölvuleikjafyrirtæki í heimi sprottið upp á Norðurlöndum.“

Ljóst sé að þetta sé verduft framtak að styrkja, fyrir stjórnvöld sem aðra. „Við erum mjög þakklát íslenskum stjórnvöldum, þau hafa lagt stuðning við okkur í gegnum Tækniþróunarsjóð Rannís og greitt götur til dæmis með því að fá erlenda sérfræðinga til landsins og eins hefur verið boðið upp á endurgreiðslu ef þú kaupir hlutabréf í nýsköpunariðnaði.“

Fjármagn mikilvægt

Stefán segir helstu áskorunina felast í því hversu kostnaðarsöm og tímafrek tölvuleikjagerð geti verið. Því sé brýnt fyrir fyrirtæki að tryggja fjármagn. „Þú þarft kannski að vera með tíu starfsmenn í vinnu í mörg ár við að skapa nýja vöru. Það getur því verið mikill kostnaður á bak við hvern leik en þetta er ekki ósvipað bíómýndum þar sem þarf að skapa ákveðið umhverfi. Það er því

mikilvægt sem fyrirtæki að geta náð í fjármagn.“

„Rétt eins og hægt er að gera low budget indie-kvikmyndir, og það eru dæmi um að það gangi vel, þá er það frekar undantekningin en reglan. Það er ekki óalgengt að tölvuleikjagerð kosti á bilinu milljarð í framleiðslu en það er mikilvægt að búa til þennan tæknilega grunn, sem þýðir að við getum þá gert þetta ódýrara í framtíðinni. Að ná því var mikill sigur fyrir okkur og við stefnum á fleiri útgáfum en það er nokkuð sem við hefðum aldrei getað gert nema fyrir þessa vinnu.“

Sögusmiðin skemmtileg

Stefán segir hugmyndavinnuna að baki tölvuleikjagerð vera sérstaklega skemmtilega. „Ég var hugmyndasmiður að upphaflegu hugmyndinni, síðan gerist það þegar margir koma að, þú færð að búa til teymi og færð innspýtingu frá mörgum stöðum. Þessi saga og heimsmýnd hefur þróast mikið frá því að ég átti hugmyndina upphaflega.“

Nú er Stefán með fólk sem vinnur við að skrifa á hverjum degi. „Annar er rithöfundur og framhaldsskólakennari í Kanada og hinn er tæknimenntaður frá Þýskalandi. Þetta er skemmtilegt dúó, annar sér um persónusköpunina og hinn er með nitty gritty-tæknimálin,“ segir hann og hlær.

„Þetta er ofsalega gaman og oft mjög gefandi. Þetta er samt líka iðnaður eins og hver annar, sumt af þessari vinnu er bara handavinna og þegar uppi er staðið eru þetta vissulega fyrirtæki sem eru sköpuð til að skila sinni fjárfestingu, það er alveg raunveruleiki í þessu. En þarna eru oft skemmtilegustu mómentin.“

Markmiðið er að verða bestir á Íslandi

Björn Gíslason, formaður Fylkis, leggur áherslu á frekari viðurkenningu og meiri skilning stjórnvalda þurfi til að hægt sé að ýta undir vöxt íþróttarinnar.

„Saga Rafíþróttadeildar Fylkis hófst fyrir tveimur árum síðan en þá réðum við þjálfara og höfum æfingar með góðum árangri, enda um það bil fimmtíu iðkendur í upphafi. Deildin var formlega stofnuð á aðalfundi félagsins í byrjun árs 2020. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og í dag nálgumst við 100 iðkendur; biðlistinn eftir að fá að iðka rafíþróttir hjá okkur í Fylki er orðinn heldur of langur,“ segir Björn.

Mjög jákvæð áhrif á félagsfærni ungmenna

„Þetta byrjaði allt á ráðstefnu sem ég sótti haustið 2018 þar sem ég hitti Ólaf Hrafn Steinarsson, sem nú er formaður Rafíþróttasamtaka Íslands, en þá fékk ég óbilandi trú á verkefninu enda getur þátttaka barna og ungmenna í íþróttastarfi haft mjög jákvæð áhrif á félagsfærni þeirra. Þetta styðja rannsóknir en nauðsynlegt er að börn fái félagslega þjálfun enda hjálpar slík færni þeim á öllum stigum lífsins, bæði í leik og starfi.“

Við í Fylki höfum fulla trú á rafíþróttum sem íþrótt, enda gengur hún út á að börn og unglingar mæli sér mót og æfi sig saman sem lið og einstaklingar í alls konar tölvuleikjum. Við köllum þetta „Af lífi og sál“. Þegar krakkarnir mæta á æfingu skipta þau um fót og eru þar með hluti af Fylkishópnum. Þá eru þau látin hreyfa sig í um það bil hálf tíma áður en byrjað er að spila enda nauðsynlegt fyrir þau að hafa



Að sögn Björns Gíslasonar, formanns Fylkis, mun Rafíþróttadeildin fljótlega stækka innan vébanda félagsins.

úthald og einbeitingu.

Í ungmennastarfinu hafa efni-legir iðkendur náð góðum árangri og bætt sig mjög í hinum ýmsu leikjum sem æfir eru. Stærsti sigurinn eru þó að þeir iðkendur sem komu inn í starfið með félagsleg vandamál hafa náð að finna sig í starfinu hjá okkur. Þeir iðkendur hafa sprungið út úr skelinni og orðið sterkari einstaklingar sem hefur skilað sér bæði í starfinu hjá okkur og í skóla.

Árangurinn hjá okkur hefur verið margvíslegur, allt frá því að vera fyrsta liðið sem keppir í deild þeirra bestu með leikmönnum sem koma úr ungmennastarfinu hjá okkur upp í Íslandsmeistararitla. Fylkir hefur til dæmis Íslandsmeistararitla í Counter-Strike Global Offensive, Call of Duty og nú síðast í FIFA21.

Við höfum skapað okkur mjög gott orð í allra helstu keppnisleikjum hér á landi og erum með mjög

stóran aðdáendahóp. Við getum hreinlega ekki beðið eftir því að verða stærri og láta finna betur fyrir okkur í rafíþróttasennu á Íslandi.“

Afbrigðisfólk við mótun deildarinnar

„Við höfum lagt okkur í líma við að byggja deildina upp með góðum þjálfurum en það er ekki síst mannaúðinum að þakka að vöxtur og viðgangur starfseminnar er

„Árangurinn hjá okkur hefur verið margvíslegur, allt frá því að vera fyrsta liðið sem keppir í deild þeirra bestu með leikmönnum sem koma úr ungmennastarfinu hjá okkur upp í Íslandsmeistararitla.“

Björn Gíslason

jafn góður og raun ber vitni. Við höfðum afbrigðisfólk til að móta deildina með okkur, þar á Aron Ólafsson, sem nú er framkvæmdastjóri Rafíþróttasamtaka Íslands, miklar þakkir skildar.

Við vitum að deildin mun stækka innan vébanda félagsins enda mikil ásókn í hana. Til þess að hægt sé að ýta undir frekari vöxt þarf auðvitað viðurkenningu og meiri skilning stjórnvalda á íþróttinni. Þá teljum við framtíð deildarinnar bjarta en við ætlum okkur stóra hluti.

Markmiðið er auðvitað að verða bestir á Íslandi en til að mynda var einn iðkenda í Rafíþróttum valinn íþróttakarlar ársins hjá Fylki 2020. Jafnframt höfum við mikinn metnað fyrir því að keppa utan landsteinanna en víða erlendis eru haldin mót með mörg þúsund áhorfendum.“

leið mér hugnast í þessum efnunum.

En svona fyrsta kastid myndi mér lítast ágætlega á að selja meirihluta í verkefninu frá okkur til verktaka og meðfjárfesta. Við yrðum þá bara minnihluta eigandi og hefðum aðkomu að því að fylgja þessu eftir," segir Guðjón.

Heildarvirði byggingaréttta í eigu Reita er fært til bókar á um 8,5 milljarða í reikningum félagsins. „Orkureiturn er þróadasta verkefnið en Kringlan er stærst í þessum hópi. Væntingar okkar til lengri tíma eru að virði þróunareigna félagsins aukist til muna frá því sem nú er en til þess þarf að fylgja þeim eftir og raungera. Sá sem myndi vilja kaupa Orkureitinn í heild sinni núna þyrfti þannig að reida fram allnokkra milljarða," segir forstjórinn.

Uppgjör var varnarsigur

Heildarhagnaður Reita á árinu 2020 var tæpir tveir milljarðar króna, samanborið við 3,3 milljarða árið á undan. Að mati Guðjóns vann félagið varnarsigur á síðasta ári.

„Ég hef sagt að líklega hafi forráðamenn og starfsfólk Reita sjaldan unnið jafn vel og mikið fyrir hluthafa og á árinu 2020, þó svo að faraldurinn hafi haft áhrif á ávöxtun eigin fjár. Við gerðum ráð fyrir að tjón okkar vegna faraldursins hafi numið um 900 milljónum króna á síðasta ári. Þetta er afleiðing af lokunum verslana, matsölustaða og hótela.

Á árinu 2021 áætlum við svo að tjón á því ári vegna COVID verði um 750 milljónir. Það má ekki gleyma því að fyrsti fjórðungur síðasta árs var í lagi og högginn á reksturinn komu á öðrum, þriðja og fjórða fjórðungi. Við erum með sömu mynd upp fyrir árið 2021, nema þar ertu með áföllin á fyrsta til þriðja fjórðungi. Við gerum ráð fyrir því að við verðum komin sémilega fyrir vind á síðasta fjórðungi þessa árs," segir hann.

Taka varúðarsjóð til hliðar

Í skýringum með ársreikningi Reita kemur meðal annars fram að verðmæti hótélbygginga í eigu félagsins, og meðalleiguverði á fermetra hótélbygginga, var svo að segja óbreytt í árslok 2020 samanborið við 2019. Guðjón útskýrir að það sé sýn stjórnenda á virði þessara eigna til framtíðar, fremur en verðmat byggt á tekjustreymi ársins 2020.

„Við erum ekki að taka hótél-in niður í virði til framtíðar vegna COVID, enda mun þetta ástand taka enda og hótél-in munu ná vopnum sínum aftur. Við erum með um 20 prósent af okkar tekjum frá hótélunum. Mótaðilar okkar í hótélunum eru tiltölulega fáir, en ólíkir.

Við höfum annað hvort þegar náð samkomulagi við þessa aðila, eða erum að fara inn í samningaviðræður um uppgjör á leigugreiðslum vegna árána 2020 og 2021. Þessi viðfangsefni eru ólík eftir því hver

Kringlureitur er flókið langtímaverkefni

Í janúar 2018 var undirrituð viljayfirlýsing milli Reykjavíkurborgar og Reita um að byggja Kringlureitinn upp í anda nýs borgarskipulags með þéttingu byggðar. Heildarstærð Kringlursvæðis er um 13 hektarar að flatarmáli og samanlagt flatarmál bygginga á svæðinu er um 92 þúsund fermetrar.

„Þó að mikil vinna hafi þegar farið í þetta verkefni er það svo stórt og flókið að það mun taka mörg ár í viðbót. Stóra skipulagsbreytingin í Reykjavík er hins vegar forsenda þróunar Kringlureits. Þegar aðalskipulagið er komið í gegn verður það stór áfangasigur fyrir verkefnið. Hins vegar þarf ýmislegt fleira að skýrast, til dæmis hvort Miklabrautin fer í stokk eða ekki. Hver verður götustrúktúrinn, hvað verður meðanjarðar og svo framvegis," segir Guðjón.

„En þetta er hins vegar áfanga-

skipt og fyrsti áfangi Kringlureitsins er suðvesturhornið þar sem gamla Morgunblaðshúsið er núna. Sá reitur er jafnframt í hreinni eigu Reita og því er lítið því til fyrirstöðu að fara í uppbyggingu þar, en samkvæmt skipulagi er gert ráð fyrir bæði atvinnuhúsnæði og íbúðum. Gert er ráð fyrir allt að 1.000 íbúðum á svæðinu öllu og fyrsti áfangi gæti verið upp undir einn fjórði af því.

En þetta er mjög flókið með tilliti til ýmissa þátta. Hér undir liggja líka miklar heitavatsstofnlagnir sem flækir málið fyrir Veitur. Miklabrautin er svo í eigu ríkisins en ekki borgar, þannig að aðrar reglur gilda um veghelgunarsvæði. Kringlursvæðið mun byggjast upp hægt og rólega næstu sjö til fimmtán árin. Ég verð kominn með frítt í stræto og sund þegar uppbyggingin á Kringlureitnum klárast."

Við erum ekki að taka hótél-in niður í virði til framtíðar vegna COVID, enda mun þetta ástand taka enda og hótél-in munu ná vopnum sínum aftur.

á í hlut, hver staða leigusamninga er og svo framvegis. Því er ekki hægt að setja þetta undir einn hatt.

Við færðum að mestu tekjur vegna hótélanna til bókar eins og við hefðum gert í venjulega ári, enda í góðri trú um að hótél-in geri þetta upp við okkur. En á sama tíma erum við búin að taka til hliðar varúðarsjóð vegna faraldursins almennt."

Snjóbolti sem hlóð utan á sig

Hlutfall fasteignaskatta af leigutekjum íslenskra fasteignafélaga hefur hækkað verulega á undanförunum árum, en þetta má sjá úr ársreikningum þeirra og kynningar-efni vegna uppgjöra. Leiguarðsemi allra íslenskra fasteignafélaganna hefur samfara þessu lækkað.

Að sögn Guðjóns má rekja þessa þróun að mestu leyti til breytingar á aðferðafræði Þjóðskrár við útreikning fasteignamats, þar sem tekjumöguleikar eigna lágu til grundvallar fasteignamati frekar en endurbyggingarvirði.

„Áður en Þjóðskrá breytti um aðferðafræði voru fasteignaskattarnir um 11 prósent af leigutekjum Reita en í dag eru þeir tæplega 20 prósent. Skattprósentan hefur ekki hækkað en fasteignamatið hefur

hækkað geysilega hratt frá árinu 2015. Fyrir nokkrum árum bentum við á að þetta væri snjóbolti á leið niður fjallshlið sem myndi bara bæta utan á sig og það hefur ræst.

Réttlættingin á þessari breyttu aðferðafræði var að þyrfti að vera meira samræmi á milli fasteignamats og virðis eigna í bókum fasteignaeigenda. Það var alveg rétt að það var mikill munur þar á og í sjálfu sér ekkert athugasvert að breyta aðferðafræðinni," segir hann.

Skattbyrði hefur þynnst

En þrátt fyrir að aðferðafræði Þjóðskrár hafi breyst, með þeim fyrirsjáanlegu afleiðingum að fasteignamat atvinnuhúsnæðis myndi hækka hratt, var álagningarprósentan ekki lækkuð á móti: „Það er ekki þar með sagt að þó þú breytir aðferðafræði við virðismat fasteigna eigi skattprósentan að haldast óbreytt. Skatturinn var ekki lækkaður á móti og því fengu sveitarfélögin, einkum Reykjavík, stóran lottóvinning. Skattbyrði á atvinnuhúsnæði hefur því aukist mjög mikið. Við höfum reiknað það út að álagningarprósentan ætti að vera 1,11 prósent í stað um 1,60 eftir þessa breytingu á aðferðafræði Þjóðskrár, hefði skattbyrðin átt að haldast óbreytt.

Mér er það til efs að tilgangur Þjóðskrár með þessari breytingu hafi verið að stórauka skatta á fasteignir, en sú hefur orðið raunin vegna aðgerðaleyfis sveitarfélaganna. Við höfum hins vegar fengið einhverjar leiðréttingar á málum sem lentu einfaldlega á röngum stað við þessar breytingar, til dæmis vegna álagningar á Kringluna. Það skipti miklu máli. Á tímabili vorum við með yfir 100 fasteignir í andmælaferli.

Áður en Þjóðskrá breytti um aðferðafræði voru fasteignaskattarnir um 11 prósent af leigutekjum Reita en í dag eru þeir tæplega 20 prósent.

Ef við horfum til Norðurlandanna er skattheimta á atvinnuhúsnæði umtalsvert lægri en hér á landi. Það að vera með harða skattheimtu á atvinnuhúsnæði býr til dæmis til hvata til aukinnar netverslunar. Það er væntanlega ekki í þágu sveitarfélaganna að til dæmis hefðbundinn verslunarrekstur leggist smátt og smátt af. Há skattheimta endar líklegast í herra leiguverði, enda eru opinberar álögur einfaldlega hluti af kostnaðarverði seldra vara. Mér finnst að sveitarfélögin þurfi að leiða hugann að þessu," segir Guðjón.

Umdeild arðgreiðsla

Síðasta haust tilkynntu Reitir að hlutfjárlausning upp á níu milljarða króna yrði lögð fyrir hluthafafund. Óánægju gætti meðal smærri hluthafa í félaginu vegna þessa, líklega vegna þess að þeir höfðu ekki sömu burði og kjölfestuhluthafar til að taka þátt í útboðinu. Að endingu var hlutfélagssins aukið um fimm milljarða að markaðsvirði – um ríflega helming þess sem lagt hafði verið upp með, til að koma til móts við sjónarmið smærri hluthafa.

Fyrir skömmu var svo tilkynnt um tæplega 800 milljóna króna arðgreiðslu út úr Reitum. Finnst Guðjóni þetta kaldar kveðjur til smærri hluthafa sem höfðu ekki burði til að vera með í aukningu hlutfjár, þynntust út og bera því skardán hlut frá borði við væntanlega arðgreiðslu?

„Mér þykir persónulega eðlilegt að skráð félög snúi sér að hluthöfum sínum á óvissutímum og spyrji hvort þeir vilji setja peninga inn í félagið til að treysta efnahag þeirra," segir Guðjón. „Við fórum að leiða hugann að því um mitt síðasta ár hvort skynsamlegt væri að auka hlutfélagið í ljósi þeirrar óvissu sem ríkti þá í efnahagslífinu. Okkar markmið með þessu var meðal annars að treysta efnahag Reita þannig að heilbrigði hans væri yfir allan vafa hafið.

Ef ekki væri þörf á nýju hlutfélagi til að styðja efnahagsreikninginn gæti fjármagnið komið að góðum notum við að sækja fram og nýta þau tækifæri sem kæmu upp á markaði með atvinnuhúsnæði. Enda eru alltaf einhverjir sem fara illa út úr djúpum kreppum eins og við erum að stíga upp úr núna.

Boðað var til hluthafafundar og hluthafarnir voru þessu sammála.

Sumir í hluthafahópnum voru á móti þessu, því er ekki að neita. Hins vegar samþykkti stór meirihluti hluthafa aukninguna, eða sem samsvarar um 85 prósent hlutfjár. Gleymum því svo ekki að tvöföld eftirspurn var í útboðinu.

En nú horfa sumir í baksýnis-spegilinn og segja að hlutfjár-aukningin hafi verið óþörf. Ég er því ósammála. Við nýttum hluta þessara peninga til að greiða upp óhagstæð lán og endurfjármagna önnur á betri kjörum. Frá útboðinu höfum við líka keypt eignir fyrir 3,3 milljarða. Þessir peningar hafa því verið nýttir skynsamlega. En auðvitað skil ég gagnrýnisraddirnar úr þeirri átt sem þær koma."

Tækifæri í lágvaxtaumhverfi

Vaxtastig á Íslandi hefur aldrei verið lægra. Flestir greiningaraðilar spá því að svo verði áfram um skeið. Skráð fasteignafélög á Norðurlöndunum og í Bretlandi eru almennt herra verðlögð en hin íslensku, en það er einkum vegna lægri fjármagnskostnaðar og minni skuldsetningar.

Felur lágvaxtaumhverfið á Íslandi í sér tækifæri til vaxtar eða rekstrar-hagræðingar fyrir íslensku félögin?

„Norraenu félögin eru að jafnaði með hærri eiginfjárlutföll en hin íslensku. Í Bretlandi er eiginfjárlutfall fasteignafélaga svo ennþá herra. Íslensku fasteignafélögin eru að sæta lagi núna og endurfjármagna sig á betri kjörum. Lágvaxtaumhverfi hefur líka áhrif á eignaverð og atvinnuhúsnæði er ekki undanskilið þar.

Aðaláherslan hjá okkur verður að endurfjármagna skuldbindingar og bæta framlegð. Annars eru sjónarmið einkafjórðinganna og stofnfjórðinganna ólík. Einkafjórðingarnir vilja margir hverjir hafa fasteignafélögin mikið skuldbætt og að þau greiði mikinn arð. Stofnfjórðingar, til að mynda lífeyrissjóðir, vilja herra eiginfjárlutfall og uppbyggingu eignasafnsins innan frá. Þetta eru tvö ólík sjónarmið og bæði góðra gjalda verð.

Mér finnst að félag eins og Reitir eigi að vera með óumdeilanlega sterkan efnahag og að einhvers konar kvaðabrot í lánasamningum sé óhugsanlegt. Skuldahlutfallið núna er 58 prósent og okkur líður vel með það. Stefna félagsins, sem er ennþá í gildi, kveður á um að skuldahlutfallið eigi að vera 60 til 65 prósent. Við erum aðeins undir því núna, vegna aðstæðna í efnahagslífinu. Ef við færum úr 58 í rúm 60 prósent eru það fjárfestingar upp á marga milljarða. Svo er það hin leiðin, það er að lækka skuldahlutfallið umtalsvert og fara í hlutföll sem eru algeng í löndunum í kringum okkur. En það er verkefni hluthafahópsins og stjórnar að marka þessa stefnu og svo starfsmanna félagsins að fylgja henni eftir," segir forstjóri Reita.

Traustur fyrirtækjarekstur og öflug nýsköpun kallar á samstarfsaðila sem skilur þarfirnar.

Arion banki býður fyrirtækjum af öllum stærðum og í öllum geirum alhliða þjónustu með fagmennsku, innsæi og þekkingu að leiðarljósi.

Hafðu samband á fyrirtaeki@arionbanki.is, við þjónustuver í síma 444 7000 eða í netspjalli á arionbanki.is.



FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR

SALATTÍMI
Í MARSÞrjár tegundir af ljúffengu salati
í hádeginu mánudaga–föstudagaKjúklingasalat
Tigrisrækjusalat
Confit kalkúnasalat


Hummusturn fylgir með!

> 1.900 kr.

EITT SALAT + HUMMUSTURN



FJALLKONAN FAGNAR ÞÉR!



Hætta er á að fólk sem situr í mörgum stjórnnum hafi of mikið á sinni könnu til að sinna þeim vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lítið um ofsetu í
íslenskum stjórnnum

Samantekt Creditinfo sýnir að lítið sé um svokallaða ofsetu í stjórnnum. Fáir í fleiri en tveimur stjórnnum og nánast enginn í fleiri en fimm. Hlutfall kvenna í stjórnnum 300 stærstu félaganna um 35 prósent. Of hátt hlutfall af „snittu-stjórnarfólki“.

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Ofseta í stjórnnum (e. over-boarding) virðist ekki vera vandamál í íslensku viðskiptalífi, segir í samantekt Creditinfo um samsetningu stjórna í stærstu fyrirtækjum landsins. „Fátítt er að fólk eigi sæti í fleiri en tveimur stjórnnum og nánast enginn í fleiri en fimm,“ segir Gunnar Gunnarsson, forstöðumaður greiningar og ráðgjafar Creditinfo.

Á erlendri grundu hefur ofseta fengið síaukið vægi hjá þeim sem beita sér fyrir góðum stjórnarháttum. Hætta er á því að fólk sem situr í mörgum stjórnnum – ofseta er jafnan miðuð við setu í stjórnnum fjögurra eða fleiri stórfyrirtækja – hafi of mikið á sinni könnu til að geta sinnt stjórnarstörfunum með fullnægjandi hætti.

Sköðuð voru 300 tekjuhæstu fyrirtæki landsins miðuð við ársreikninga fyrir reikningsárið 2019 og varamenn voru undanskildir. Það eru samtals 1.050 stjórnarsæti sem um 800 mismunandi einstaklingar sitja í.

Samantekt Creditinfo leiðir í ljós að mikill meirihluti stjórnarfólks, um 80 prósent, situr einungis í stjórn eins fyrirtækis. Fjórðan prósent sitja í stjórnnum tveggja fyrirtækja og aðeins eitt prósent situr í stjórnnum fimm eða sex fyrirtækja.

„Mér sýnist tölurnar ekki benda til þess að þetta sé útbreitt vandamál og oft eru þessir einstaklingar, sem sitja í þremur eða fleiri stjórnnum, ekki í neinu öðru, þannig að þau ættu að hafa tíma til að einbeita sér að þessum fyrirtækjum,“ segir Andrés Jónsson, eigandi Góðra samskipta, sem veitir alhliða ráðgjöf á sviði stefnu, ráðninga og almanna-tengsla auk stjórnendapjálfunar.

Andrés segir að ofseta í íslensku viðskiptalífi felist frekar í því að fólk sem er í krefjandi stjórnunarstöðu sem framkvæmdastjóri eða forstjóri sitji einnig í einum eða tveimur stjórnnum, jafnvel í skráðum fyrirtækjum. „Ef það er í krefjandi verkefnum á öllum þessum

Uppfæra hluthafastefnur til að sporna við ofsetu

Visitöluvyrirtækið MSCI gaf árið 2019 út skýrslu um samsetningu stjórna í visitölu MSCI ACWI global equity index, sem nær yfir þrjú þúsund skráð hlutafélög í 50 löndum. Í skýrslunni kom fram að fyrirtæki sem reyna að fjölga konum í stjórn sækja oft í sama brunn. Þannig sátu 22 prósent kvenkyns stjórnarmanna í þremur eða fleiri stjórnnum samanborið við 12 prósent karla.

„Þessar niðurstöður gefa til kynna að þrátt fyrir viðtækt framboð af menntuðum og reynslumiklum konum í atvinnu-

lífinu hafa sum fyrirtæki reitt sig á takmarkaðan hóp frambjóðenda,“ sagði í skýrslunni.

Stærstu sjóðastýringarfyrirtæki heims, þar á meðal Blackrock og Vanguard, hafa á síðustu árum uppfært hluthafastefnu sína til þess að sporna við ofsetu í stjórnnum fyrirtækja sem þau fjárfesta í.

Blackrock gerir til að mynda kröfu um nánari útskýringar frá fyrirtækjum þar sem stjórnarmaður situr í fleiri en þremur öðrum stjórnnum, og þegar stjórnarformenn sitja í tveimur eða fleiri öðrum stjórnnum.

Það er líklegt að þær skorður ráði einhverju í þeim litla hópi hér á landi sem situr í stjórnnum margra fyrirtækja.

Andrés segist hafa tekið eftir því að stjórnendur, sérstaklega ungir stjórnendur, sækist eftir meiri fjölbreytni í starfi. Stjórnarseta eða ráðgjafarstörf til hliðar við stjórnunarstöðu gefi folki tilbreytingu og tækifæri til að beita þekkingu sinni á nýjan hátt. „Þannig að þetta getur líka verið leið fyrir fyrirtæki að proska og þróa sitt fólk. Að gefa því svigrúm til að sitja í stjórnnum.“

Þá segir hann að samsetning stjórna á Íslandi endurspeglar að vissu leyti ýmis önnur þekkt vandamál í íslensku viðskiptalífi, svo sem skort á fagfjárfestum á ákveðnum tímabilum í æviskeiði fyrirtækja, umboðs- og freistnivanda, of litla veltu á hlutabréfmarkaði, áhættufeltni vegna orðsporsáhættu og almennrar einsleitni.

„Sú skoðun er að minnsta kosti nokkuð útbreidd meðal fjárfesta hér á landi að það sé of hátt hlutfall af „snittu-stjórnarfólki“ í íslenskum stjórnnum. Það er að segja folki sem leggur lítið af mörkum á stjórnarfundum annað en að gera veitingunum skil,“ segir Andrés. Umræða um samsetningu og hlutverk stjórna, sem birtist nú oftast á opinberum vettvangi en áður, sé heilbrigðismerk.

Fjöldi stjórna sem
einstaklingur situr í

Fjöldi stjórna	Hlutfall	Hlutfall KKK	Hlutfall KVK
1	80%	79%	82%
2	14%	14%	13%
3	3%	3%	2%
4	2%	2%	2%
5	1%	1%	1%
6	0%	1%	0%
Heild:	100%	100%	100%

vígstöðvum þá velta hluthafar fyrir sér hvort viðkomandi sé nægilega fókuseraður á þeirra fyrirtæki, fyrst hann eða hún hefur svigrúm fyrir mörg fleiri stór verkefni.“

Frekari sundurliðun á tölunum sýnir að um 65 prósent stjórnarfólks hjá 300 tekjuhæstu fyrirtækjunum eru karlar en 35 prósent eru konur.

Nokkur munur er á aldursdreifingu kynjanna. Meðalaldur karla í stjórnnum 300 tekjuhæstu fyrirtækjanna er 55 ár en meðalaldur kvenna er 52 ár. Hlutfallslega eru fleiri stjórnarmenn á aldrinum 30 til 59 ára konur en hlutfallslega fleiri karlar eru 60 ára og eldri.

Ungir sækja í fjölbreytni

Gunnar segir fátt mæla á móti setu í fleiri en einni stjórn og nýttast þá starfskraftar og reynsla viðkomandi víðar. „Helstu skorður snúa

Lagerhreinsun

60-90% afsláttur

af völdum vörum



Cube stóll ljósgrár

LISTAVERÐ: 74.900 kr.

60% AFSLÁTTUR

29.960 kr.

79 stk í boði



Club sófastólar dökk gráir

LISTAVERÐ: 53.900 kr.

60% AFSLÁTTUR

21.560 kr.

7 stk í boði



Calado Stóll ljósgrár

LISTAVERÐ: 32.900 kr.

60% AFSLÁTTUR

13.160 kr.

34 stk í boði



ES Skrifborð 140x60

LISTAVERÐ: 73.900 kr.

70% AFSLÁTTUR

22.170 kr.

28 stk í boði

Hubert 3 litir

LISTAVERÐ: 134.900 kr.

80% AFSLÁTTUR

26.980 kr.

10 stk í boði



FE Skilrúm á borð 140x80 Listaverð 104.400 kr. **90% afsláttur 10.440 kr.** 55stk í boði

FE Skilrúm á borð 80x80 Listaverð 67.900 kr. **90% afsláttur 6.790 kr.** 166 stk í boði

Eryk felliborð 120x60 Listaverð 69.600 kr. **60% afsláttur 27.840 kr.** 15stk í boði

Eryk felliborð 140x70 Listaverð 72.900 kr. **60% afsláttur 29.160 kr.** 15 stk í boði

Evora barstóll hár Listaverð 44.900 kr. **70% afsláttur 13.470 kr.** 12 stk í boði

... og svo miklu meira á 60-90% afslætti.

Afslættir eru einungis virkir í verslun Hirzlunnar að Síðumúla 37 og í síma 564 5040

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opinn mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.



Skotsilfur



Örvar og Einar Örn á útleið

Fjárfestarnir **Örvar Kjærnested**, sem hefur verið stjórnarformaður TM samfelt frá árinu 2014, og Einar Örn Ólafsson, sem hefur setið í stjórn TM frá árinu 2017, munu ekki sækjast eftir kjöri í stjórn sameinaðs fyrirtækis Kvik og TM, samkvæmt heimildum Markaðarins. Örvar og Einar Örn eru á meðal hóps einkafjárfesta sem fara með ráðandi hlut í Stoðum, einu umsvifamesta fjárfestingafélagi landsins, sem er stærsti hluthafinn í bæði Kvik og TM. Eignarhlutur Stoða í sameinuðu félagi mun að óbreyttu verða rúmlega níu prósent.



Ákvörðun Örvars, sem er jafnframt stjórnarformaður í Stoðum, um að bjóða sig ekki fram í stjórn sameinaðs félags kemur einkum til vegna stjórnarformennsku hans í breska fasteignalánafélaginu Ortus Secured Finance en á meðal helstu hluthafa fyrirtækisins eru Stoðir og Kvik. Með samruna TM, Kvik og Lykils, dótturfélags TM, er talið að hægt sé að ná fram 1.200 til 1.500 milljóna króna árlegri kostnaðarsamlegð, einkum vegna lægri fjármögnunarkostnaðar. Boðað hefur verið til hluthafafundar hjá félagnum 30. mars næstkomandi þar sem hluthafar munu greiða atkvæði um samrunann. Verði hann samþykktur, sem má ganga að sem vísu, verður boðað til hluthafafundar sameinaðs félags um miðjan næsta mánuð þar sem kjörin verður ný stjórn.


Upphlaup

Gildi lífeyrissjóður, sem **Árni Guðmundsson** stýrir, greiddi atkvæði gegn starfskjara-



stefnunni sem var samþykkt á aðalfundi Arion banka í gær. Ástæður sjóðsins eru ekki sannfærandi og tímasetning þessara andmæla undarleg. Heimildin til að setja á fót kaupaukakerfi hefur verið til staðar frá árinu 2012 og hún hefur verið nýtt síðan þá. Stærsta efnislega breytingin er sú að kaupaukakerfið nær til allra fast-ráðinna starfsmanna bankans, ólíkt fyrra kaupaukakerfi sem eingöngu tók til afmarkaðs hóps á bankastjóraæðinni. Meira en 600 starfsmenn hafa nú þegar gert kaupréttarsamning og fjárhæð er sú sama fyrir alla. Þá má í raun segja að Gildi hafi lagst gegn sósíalískasta kaupaukakerfinu sem fyrirfinnst í Kauphöllinni. Einnig var kaupaukakerfið betrubætt þannig að fjárhagsleg markmið, sem eru sett sem skilyrði fyrir úthlutun kaupauka, væru skýr og samrýmanleg við langtímahagsmuni. Aftur er það ólíkt því sem áður var. Hvers vegna lífeyrissjóðurinn beitir sér gegn gegnsærra kaupaukakerfi sem nær til fleiri starfsmanna er áleitin spurning.

Múgur og margmenni á ferðamálaráðstefnu Rússa



Múgur og margmenn sótti ferðamálaráðstefnuna MITT sem haldin er í Crocus-ráðstefnuhöllinni í Moskvu í þessari viku. Á myndinni má sjá bás nýstofnaðs lýðveldis Krímskaga. Um 24,4 milljónir ferðamanna heimsóttu Rússland á árinu 2019. Áður en COVID-19 skall á var Rússland á meðal þriggja vinsælustu áfangastaða kínverskra ferðamanna. Áhugann mátti meðal annars rekja þess að gengi rúblunnar var veikt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Samkeppni í matvælaframleiðslu styður við aukið fæðuöryggi



Valur Þráinsson, aðalhafurfræðingur Samkeppnis-eftirlitsins

Stærri einingum getur fylgt aukið hagræði en á sama tíma getur markaðsstyrkur þeirra sem eftir eru aukist að sama skapi.

Í nýlegri skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí), sem unnin var fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, er fjallað um fæðuöryggi á Íslandi. Í skýrslunni kemur meðal annars fram hversu stóru hlutverki innlendir matvælaframleiðendur gegna við að stuðla að fæðuöryggi hér á landi. Jafnframt er í skýrslunni fjallað um þær fjórar meginforsendur sem íslenskt samfélag byggir fæðuöryggi sitt á. Við fyrstu sýn mætti halda að fæðuöryggi og samkeppni ættu lítið sameiginlegt. Samkeppni hefur hins vegar bein áhrif á fæðuöryggi eins fjallað er um í skýrslu á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2016, Competition and food security.

Innlendir matvælaframleiðendur og samkeppni þeirra á milli

Innlendir matvælaframleiðendur gegna lykilhlutverki við að stuðla að fæðuframboði fyrir landsmenn í núverandi umhverfi en þar stendur innlend búfjárrækt undir 90 prósentum neyslu kjötafurfurda, innlendir eggjaframleiðendur undir 96 prósentum af neyslu eggja og innlendir mjólkurframleiðendur undir 99 prósentum af neyslu mjólkurvara.

Í skýrslu Lbhí er jafnframt fjallað um fjórar meginforsendur fyrir fæðuöryggi hér á landi. Í fyrsta lagi að auðlindir séu til staðar. Í öðru lagi að aðgengi að aðföngum, svo

sem innfluttri olíu, tækjum, áburði og fòðri, sé tryggt. Í þriðja lagi að þekking á framleiðslu og tækni til framleiðslu sé til staðar. Í fjórða lagi að birgðir séu til af þeirri fæðu sem innlendir framleiðendur geti ekki tryggt.

Fimmta forsendan, sem færa má rök fyrir að vanti í skýrslu Lbhí, er mikilvægi samkeppni á milli innlendra matvælaframleiðenda, en virk samkeppni hefur jákvæð áhrif á framboð landbúnaðarafurða, nýsköpun, þjónustu og í þessu tilviki hagneytenda og bænda.

Samkeppnisvandamál á matvælamörkuðum

Þróun markaðsaðstæðna á matvælamörkuðum hefur á síðastliðnum áratugum verið í átt til aukinnar sérhæfingar og samþjöppunar þar sem dagvörusölum og úrvinnsluadílum, svo sem afurðastöðvum, hefur fækkað og þeir sem eftir eru hafa stækkað. Stærri einingum getur fylgt aukið hagræði en á sama tíma getur markaðsstyrkur þeirra

sem eftir eru aukist að sama skapi. Mikill markaðsstyrkur getur leitt til freistnivanda fyrir viðkomandi fyrirtæki sem felst helst í því að hið markaðsráðandi fyrirtæki beiti sér með þeim hætti að keppinautar þess veikjast eða hætta starfsemi.

Dæmi um þetta eru brot á samkeppnislögum sem framin hafa verið á mjólkurmarkaði. Þannig lagði finnska samkeppniseftirlitið 70 milljóna evra sekt á finnsku mjólkurafurðastöðina (Valio) á árinu 2012 fyrir skaðlega undirverðlagningu (e. predatory pricing). Taldi eftirlitið að háttsemin hefði haft það að markmiði að ýta öðrum mjólkurafurðastöðvum út af markaðnum. Hefði það svo þau áhrif að mjólkurafurðastöðin yrði ein eftir á markaði og gæti hækkað verð aftur. Niðurstaðan var staðfest af dómstólum en þetta var í annað sinn sem Valio var sektað fyrir brot á samkeppnislögum.

Sænska samkeppniseftirlitið fjallaði einnig um misnotkun mjólkurafurðarstöðvarinnar Arla á markaðsráðandi stöðu sinni. Hafði Arla krafist þess að bændur myndu afhenda fyrirtækinu að minnsta kosti 80 prósent af hrámjólki sinni. Málinu lauk eftir að Arla breytti skilmálum sínum og bændur gátu selt keppinautur Arla allt að helming sinnar framleiðslu.

Annað dæmi er 480 milljóna króna sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Mjólkursamsöluna á árinu 2016 vegna meðal annars brots hennar á banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þessi niðurstaða var staðfest af dómstólum en 4. mars síðastliðinn birti Hæstiréttur Íslands dóm sinn í málinu. Rétturinn taldi að sú „mikla mismunum sem var á verðlagningu áfrýjanda á hrámjólki til ótengdra aðila og verði til eigin framleiðslu hafi falið í sér alvarlegan og lang-

varandi verðþrýsting sem var einnig fallinn til að verja markaðsráðandi stöðu áfrýjanda og þannig hafi þessi háttsemi falið í sér brot á 11. gr. samkeppnislaga.“


Samráð milli keppinauta getur einnig haft skaðleg áhrif. Þannig hafa frönsk samkeppnisfyrirvöld til að mynda sektað viðskiptaaðila bænda fyrir að sammælast um hversu mikið yrði keypt af svínunum af þeim, en markmiðið var að lækka afurðaverð til bændanna. Þá hafa spænsk samkeppnisfyrirvöld sektað kaupendur hrámjólkur af bændum fyrir að skipta viðskiptum við bændur á milli sín og sammælast um að greiða lágt verð fyrir mjólkina.

Öll þessi háttsemi hefur þau neikvæðu áhrif að fæðuframboð og -öryggi minnkar, keppinautar hrökklast út af markaði, nýjar vörur verða ekki til og hagur bænda og neytenda versnar.

Áhrif samkeppni á fæðuframboð og hag bænda og neytenda

Eins og ráða má af umfjölluninni hér að framan þá stuðlar virk samkeppni á meðal innlendra matvælaframleiðenda að auknu fæðuöryggi hér á landi. Þetta vill hins vegar oft gleymast í almennri umræðu. Það er því mikilvægt að samkeppnisfyrirvöld sem og önnur stjórnvöld gripi ekki til aðgerða sem raska samkeppni og draga úr framboði matvæla og nýsköpun og hækka verð sem að lokum leiðir til minna fæðuöryggis hér á landi og rýrir hag bænda og neytenda.

Það kemur því ekki á óvart að í skýrslu á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna hafi verið fjallað um mikilvægi þess að stjórnvöld gleymi ekki mikilvægi virkrar samkeppni í stefnumörkun sinni á sviði fæðuöryggis.



Stórtíðindi í lítilfjörlegum búningi



Stefania Kolbrún Ásbjörnsdóttir, hagfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins

Auðfengnar heimildir til hafta á fjármagnsflæði eru ekki til þess fallnar að auka traust erlendra fjárfesta á íslenskum fjárfestingakostum.

Nú liggur fyrir þinginu frumvarp til nýrra laga um gjaldveyrismál. Lagasetningin lætur ekki mikið yfir sér. Í grófum dráttum eru lög in hlíðstæð þeim sem þegar eru í gildi. Hins vegar hefur stóra fréttin úr frumvarpinu af óskiljanlegum ástæðum flogið undir radarinn. Með lagasetningunni stendur nefnilega til að færa í lög varanlega heimild Seðlabankans, að fengnu samþykki ráðherra, til setningar gjaldveyrishafta gerist nauðsyn til.

Hagstjórn til þrautavara

Í umsögnum sínum um málið hafa Samtök atvinnulífsins itrekað lýst yfir efasemdum sínum um ágæti þess að færa slíkar viðtækar og ótímabundnar heimildir í lög. Ljóst er að beitingu gjaldveyrishafta fylgir þjóðhagslegur kostnaður og velferðartap – tap sem allir landsmenn bera.

Höft hamla íslenskum fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni og torvelda fjármögnun, skapa hættu á eignabólu og draga úr skatttekjum ríkissjóðs ef hvati skapast til að færa verðmætasköpun frá landinu, svo nokkur atriði séu nefnd. Þegar lögum um svo mikilvægt málefni er breytt á þennan hátt er mikilvægt að ríkisvaldið hafi það í huga að haftasetning verði ekki of einföld í framkvæmd. Þess heldur er æskilegt að lágmarka alla hvata til þess að setja ótímabær höft. Það gefur augaleið að því auðveldari sem innleiðingin er því meiri hætta er á að gripidi sé til afdrifaríkra neyðarúr-ræða, umfram tilefni.

Tryggja þarf að beiting hafta sé síðasta mögulega úrræði – hagstjórn til þrautavara. Gjaldveyrishöft eru og eiga að vera neyðarráðstöfun sem aðeins er unnt að gripa til þegar annarra kosta er ekki vól og skulu ávallt vera tímabundin. Neyðarúr-ræði kalla ekki á varanlega heimild í lögum.

Þegar en ekki ef?

Þó aldrei komi til þess að gripa þurfi til þessarar heimildar, verði hún færð í lög, getur sú staðreynd ein og sér að hana sé að finna í

lögum haft neikvæð efnahagsleg áhrif. Það er ekki ofsögum sagt að orðspor Íslands sem fjárfestingakosts er lítað af óstöðugleika og notkun á gjaldveyrishöftum. Auðfengnar heimildir til hafta á fjármagnsflæði eru ekki til þess fallnar að auka traust erlendra fjárfesta á íslenskum fjárfestingakostum. Öllu líklegra er að slíkt hafi fælandi áhrif á erlenda fjárfesta vegna óvissu um hvort treysta megi á að hægt verði að flytja fjármuni til og frá landinu.

Erlend fjárfesting getur styrkt efnahagslegar stöðir með því að stuðla að lægra vaxtastigi og veita aukin tækifæri til uppbyggingar. Þá er nauðsynlegt að erlendir aðilar hafi áhuga á að fjárfesta hér á landi – ekki sist til þess að íslenskir lífeyrissjóðir geti fjárfest erlendis án þess að slíkar hreyfingar ögni gengisstöðugleika. Jafnframt dreifir erlend fjárfesting áhættu og eflir innlendan mannaúð og getur þannig ýtt undir öflugra og fjölbreyttara hagkerfi.

Ætti því heldur að leita leiða til að bæta orðspor Íslands, styrkja umgjörð og stöðir; hvetja til fjárfestingar í stað þess að letja. Gengisstöðugleiki spilar þar stórt hlutverk en mikill árangur hefur náðst á því sviði á seinustu árum þökk sé sterkari efnahagslegum stöðum, meðal annars vegna tilkomu nýrra útflutningsgreina. Ekkert land getur gengið að stöðugleikanum sem visum um ókomna tíð en kostnaðurinn við að viðhalda honum má ekki koma niður á fjárfestingu og framleiðslugetu hagkerfisins. Slíkt stríðir gegn upphaflegum ásetningi – tilgangurinn helgar því ekki meðalið í þessum efnunum.

Skilaboðin sem frumvarpið sendir snúast ekki um það hvort fjármálastöðugleika verður ógnað, heldur gefa í skyn að slíkt sé óumflýjanlegt. Segja má að með því að lögfesta heimild á borð við þá sem lögd er til sé verið að gangast við því orðspori sem af landinu fer.



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

Kynntu þér árangur og úrval ÍV sjóða á WWW.IV.IS

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

APOTEK
KITCHEN + BAR

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins



MARS TILBOÐ

1.990 kr. á mann

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR

Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Kerfið ver sig

Ýmsir af æðstu stjórnendum embættismannakerfisins berjast gegn kerfisbreytingum sem ráðherra og Alþingi vilja koma í gegn. Rétt eins og þeir séu þátttakendur í pólitík en ekki ráðnir til að framfylgja stefnu sem mótuð var á vettvangi stjórn mála.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra hyggst heimila smærri brugghúsum að selja bjór þar sem hann er framleiddur. Það er eðlilegt að þau fái að selja sína vöru. Brugghús, til dæmis á landsbyggðinni, munu njóta góðs af beinni sölu til ferðamanna. Á brattann er að sækja í rekstri flestra þessara frumkvöðlafyrirtækja, markaðshlutdeild handverksbrugghúsa er lítil og eðlilegt að leita leiða til að létta þeim lífið.

Ívar J. Arndal, forstjóri Vínbúðarinnar, gerðist holdgerv-ingur varðstöðu kerfisins þegar hann sagði að þessi sjálfsagða lagabreyting yrði þess valdandi að „höggvið [yrði] stórt skarð í rótgróna einkasölu íslenska ríkisins á áfengi“. Áhugaverð nálgun; eflaust þykir mörgum miður að missa einokunarstöðu en gæta þess að ræða það ekki opinberlega.

Forstjórinn virðist horfa fram hjá því að Vínbúðinni er gert af Alþingi að veita tiltekna þjónustu. Umboð Ívars nær ekki lengra en það. Ívar ritaði 25 blaðsíður gegn frumvarpinu. Vonandi voru þær skrifaðar utan vinnutíma.

Því miður er þetta ekki ein-dæmi. Stjórnmalámennt mæta iðulega andstöðu þegar draga á úr völdum embættismanna. Það kristallast ágætlega í þeirri andstöðu sem sprettur fram þegar færa á verkefni á milli ráðuneyta. Stundum er barist fyrir opnum tjöldum gegn breytingunum, eins og í tilviki Vínbúðarinnar.

Stjórnendur Samkeppniseftirlitsins gengu skrefinu lengra og borguðu fyrir auglýsingar á samfélagsmiðlum þar sem breytingum á samkeppnislögum var mótmælt. Annað þekkt mál er þegar starfsmenn utanríkisráðuneytisins lögðust gegn því að aukinn yrði sveigjanleiki við skipun sendiherra.

Það er mikilvægt að þeir stjórnmalámennt sem fá lýðræðislegt umboð til að koma til leiðar ýmsum breytingum á kerfinu geti hrint þeim í framkvæmd. Embættismenn þurfa að vera auðmjúkir fyrir þeim breytingum og vera reiðubúnir til að leggja hönd á plóg. Til þess voru þeir ráðnir. Hugnist þeim það ekki væri eðlilegt að reyna fyrir sér á öðrum starfsvettvangi.

Kominn með yfirlit í Arnarhvoli

Eignarhaldsfélagið LL41, sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar og viðskiptafélaga hans, hefur keypt fagfjárfestisjód GAMMA: Construo út úr framkvæmdafyrirtækinu Arnarhvoli. Þetta kemur fram í samrunatilkynningu sem var birt á vef Samkeppniseftirlitsins.

Félag Björgólfs, sem átti um 47 prósent hlut í Arnarhvoli fyrir samrunann, keypti 52 prósent hlut sjóðs GAMMA og fer því með yfirlit Arnarhvols. Á meðal framkvæmda sem Arnar-



Björgólfur
Thor Björgólfsson

hvoll hefur komið að er uppbygging Grósku, skrifstofuhúss fyrir Vísindagarða í Vatnsmýrinni, sem er 17.500 fermetrar að stærð, og fjölbýlishús við Bjarkarholt í Mosfellsbæ.

Arnarhvoll er eina eign félagsins LL41. Erlenda félagið BAT Holding sarl er eigandi LL 41 en erlenda félagið á jafnframt Grósku ehf. sem heldur utan húsnæðið í Vatnsmýrinni. Tekjur Arnarhvols námu 4,4 milljörðum króna árið 2019 og hagnaður nam 174 milljónum. – þfh

16.03.2021

Það er auðvitað ótrúlegt hvernig opinberir aðilar leggjast gegn öllum samkeppnisrekstri. Meira að segja örlítil breyting fyrir nokkur brugghús er talin ógna sterkri stöðu ríkisverslunarinnar ÁTVR.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra.



MARKAÐURINN



Markaðurinn

Miðvikudaga kl. 21.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf í umsjón blaðamanna Markaðarins þar sem farið er yfir helstu fréttir ásamt öðru því sem hæst ber hjá í efnahagslífinu hverju sinni. Þættinum stýra Helgi Vífill Júlíusson, Hörður Ægisson og Þórður Gunnarsson.



HRINGBRAUT

Sterkari saman
í sátt við umhverfið

LITRÓF

Guðjón Ó

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000

SAFNAÐU!

EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN

Taktu þátt og safnaðu áheitum á mottumars.is



Krabbameinsfélagið



Tvíburar aldrei algengari

Samkvæmt nýrri rannsókn frá Oxford-háskóla er fæðingartíðni tvíbura hærrí nú en nokkru sinni áður. Tíðni eineggja tvíbura hefur samt ekki aukist, heldur fæðast mun fleiri tvíeggja tvíbura.

oddufreyr@frettabladid.is

Fleiri tvíbura fæðast nú en nokkru sinni áður, aðallega vegna frjósemismæðferða og af því að fólk kysir að eignast börn síðar á ævinni. Þetta er niðurstaða rannsókna sem var unnin við Oxford-háskóla og birtist í ritrynda lækisfræðitímaritinu Human Reproduction.

Fæðingum tvíbura hefur fjölgað um þriðjung frá því á 9. áratug 20. aldar, úr níu í tólf af hverjum 1.000 fæðingum. Það þýðir að það fæðast um 1,6 milljónir tvíbura um allan heim á hverju ári og að eitt af hverjum 42 börnum sé nú tvíburi.

Rannsakendurnir segja að stór hluti af skýringunni á þessari fjölgun sé aukning á ýmiss konar frjósemismæðferðum, sem auka líkurnar á að tvö egg frjóvgist. Annar mikilvægur þáttur er sá að í mörgum löndum bíða konur lengur með barneignir en áður og líkurnar á tvíbura aukast eftir því sem mæður eldast. Fleiri þættir spila inn í, svo sem notkun getnaðarvarna og almennt minni frjósemi.

Prófessor Christiaan Monden, aðalhöfundur rannsóknarinnar, segir þó líklegt að við höfum

þegar náð hápunktinum í fæðingum tvíbura, sérstaklega í Evrópu og Norður-Ameríku.

Engin fjölgun eineggja tvíbura

Rannsakendurnir söfnuðu gögnum um tíðni tvíburafæðinga á árunum 2010-2015 frá 165 löndum, sem náðu yfir 99 prósent mannkyns. Þeir fengu líka upplýsingar um tíðni tvíburafæðinga á árunum 1980-1985 frá 112 löndum.

Þeir sáu að fæðingum tvíbura hefur fjölgað umtalsvert í mörgum Evrópulöndum, Norður-Ameríku og í Asíu. Í 74 prósentum landanna sem rannsakendur höfðu gögn um mátti sjá meira en 10 prósent aukningu frá því á 9. áratugnum.

Aukninguna má rekja til fleiri tvíeggja tvíbura. Samkvæmt rannsókninni hefur lítil breyting orðið á fæðingum eineggja tvíbura, þær hafa verið stöðugar, um fjórar af hverjum 1.000 fæðingum.

Rannsakendurnir vilja meina að lönd þurfi að hafa betri gögn yfir tvíburafæðingar, sérstaklega í löndum þar sem tekjur eru lægri og dauðsföll meðal tvíbura eru algengust, því áreiðanlega tölfræði skortir víða.

Þeir ætla sér að uppfæra niðurstöður sínar með gögnum frá byrjun þessa áratugar til að sjá hvort tíðni tvíbura hafi í raun og veru náð hápunktinum og sé að lækka í tekjuhærri löndum og til að sjá hvaða áhrif útbreiðsla frjósemismæðferða hefur í löndum þar sem tekjur eru lágar eða í meðallagi.



Aukninguna má rekja til fleiri tvíeggja tvíbura. Samkvæmt rannsókninni hefur lítil breyting orðið á fæðingum eineggja tvíbura, þær hafa verið stöðugar, um fjórar af hverjum 1.000 fæðingum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mikil lífsgæði sem fylgja því að vera í formi

Einar Ásgeirsson tekur inn blöndurnar Kollagen og Liði frá Protis. Hann er alsæll með árangurinn og segir vörurnar gera sér kleift að stunda hreyfingu án verkja.

Áður en Einar hóf inntöku á Kollageni og Liðum var hann farinn að finna fyrir verkjum sem voru farnir að hafa neikvæð áhrif á getu til að hreyfa sig og þar af leiðandi á lífsgæði hans.

„Ég var með liðverki í öxlum og hnjám, svona eins og gengur og gerist en svo var ég líka sárþjáður af vefja- og vöðvaverkjum. Ég var farinn að ímynda mér að ég væri kominn með vefjagigt eða eitthvað í þeim dúr.“

Einar segir kynni sín af vörunum hafa verið hálfgerða tilviljun. „Ég var búinn að prófa ýmislegt og prófaði þetta af rælni. Þetta reyndist síðan virka svona rosalega vel. Ég er orðinn mjög góður í dag.“

Áþreifanlegur munur

Einar er búinn að nota vörurnar í tæp tvö ár og hafa komið upp tíma-bíl þar sem hann hefur ekki tekið þær inn. „Ég er búinn að prófa að sleppa þessu og þá fer ekkert á milli mála hvað þetta virkar vel. Ég hef svo fundið áþreifanlegan mun þegar ég byrja aftur.“

Þá hefur hann enn fremur reynslu af því að taka inn bara aðra hvora vöruna og þær saman. „Ég hef líka bara átt Liði eða bara átt Kollagen en ég finn að þetta virkar ennþá betur saman. Þetta er frábær blanda. Ég þarf að taka þetta með mat til að styðja við upptökuna þannig að ég tek þetta með sjúss af ólífúliu,“ segir Einar og hlær.

Einar hefur einnig prófað aðrar sambærilegar vörur, bæði erlendar og innlendar, og segir hann Protis hafa reynst sér best. „Þetta erlenda virkaði ekki neitt og þetta innlenda virkaði ágætlega en var bara alltof dýrt.“



Einar Ásgeirsson segist mun fljótari að ná sér eftir hreyfingu þegar hann tekur inn bæði Kollagen og Liði frá Protis.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

”Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört möst að taka þetta inn.

Það með þessu í staðinn fyrir að þjást, þá væri algjör synd að koma því ekki á framfæri. Mér er því ljúft og skylt að deila þessu með fólki ef þetta skyldi vera eitthvað sem gæti hjálpað þeim,“ segir Einar.

„Ég hélt að ég væri kominn með vefjagigt en það lagaðist eftir að ég fór að taka þetta inn. Það eru svo mikil lífsgæði sem fylgja því að vera í formi.“

Verndar liði, bein og brjósk

Protis Liðir er unnið úr kollagenríkum skrápi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofnu þorskprótíni fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif. Blandan inniheldur einnig mangan og nauðsynleg vítamín fyrir heilbrigð bein, brjósk og liðvökva.

Fyrir húð, hár og neglur

Kollagen frá Protis er einstök blanda úr hágæða innihaldsefnum sem styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagenið er framlétt úr íslensku fiskroði og inniheldur einstakt innihaldsefni – SeaCol, sem er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskprótíni úr íslenskum þorski. SeaCol tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika. Einnig er sérválin blanda af vítamínum og steinefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum.

Protis Liðir og Protis Kollagen fæst í flestum matvöruverslunum, apótekum og Heilsuhúsinu.



Eins og þegar maður var yngri

Einar stundar ýmsa hreyfingu sér til ánægju og segir blöndurnar nú orðnar ómissandi. „Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört möst að taka þetta inn. Þetta styður alla hreyfingu, hvort sem það er skokk, hlaup eða ganga á fell og fjöll.“

Einar segir ávinninginn ekki síst felast í því hversu jákvæð áhrif þetta hafi á endurheimt vöðva þegar búíð er að taka á því. „Þetta verður svolítið eins og þegar maður var yngri og fékk ekki harðsperrur eða annað vesen. Líðanin batnar og þá er auðveldara að virkja sig betur í hreyfingu. Þannig kemur þetta allt.“

Einar mælir heilshugar með vörunum. „Ég hugsaði með mér hvort maður ætti nokkuð að vera að tjá sig en síðan er ég alltaf að lesa um fólk sem þjáist til dæmis af vefjagigt og ef það getur lagað

Bílar & Farartæki



Nissan X-Trail Tekna, modelár 2018 - nýja lagið. Ekinn 117 þús km. 4x4. Diesel. Leðurklæddur. Glerþak. Allur fánlegur búnaður á besta verðinu á markaðinum Aðeins kr. 3.990.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Upplýsingar í síma 868-2055

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38

Tröppuviðgerðir - Húsviðgerðir
- Pakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.
https://runarmurari.is

PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Ukulele á tilboði



Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opíð mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500



Allt fyrir vöruhús og lager

MECALUX

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÖRLEIÐHUS

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - sími: 535 1300 - verslun@verslun.is



SUBURNESJABÆR

AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar - Skipulags- og matslýsing fyrir heildarendurskoðun

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti þann 3. mars 2021 að skipulags- og matslýsing aðalskipulags Suðurnesjabæjar verði kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Jafnframt verði leitað umsagnar hjá Skipulagsstofnun og hjá þeim umsagnaraðilum sem tilgreindir eru í lýsingu og í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nýtt aðalskipulag Suðurnesjabæjar felur í sér endurskoðun gildandi aðalskipulaga, þ.e. Aðalskipulags Garðs 2013-2030 og Aðalskipulags Sandgerðisbæjar 2008-2024. Innan sveitarfélagamarka er einnig í gildi Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030, en það er ekki hluti af endurskoðuninni.

Í skipulags- og matslýsingu er farið yfir ýmis atriði sem skipta máli við endurskoðun aðalskipulaga í Suðurnesjabæ. Skipulags- og matslýsing er verklýsing þar sem m.a. er gerð grein fyrir ástæðum endurskoðunar, afmörkun, gildistíma, helstu áherslum, forsendum, fyrirliggjandi stefnu, samráði, tímaferli og umhverfismati áætlunar.

Skipulags- og matslýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofunni að Sannubraut 4 og á heimasíðu Suðurnesjabæjar, www.sudurnesjabaer.is frá og með þriðjudeginum 16. mars 2021 til og með miðvikudeginum 31. mars 2021.

Kynning á skipulags- og matslýsingu fer fram fimmtudaginn 25. mars kl 19.30 í Vörðunni, Miðnæstorgi 3.

Athugið að vegna sóttvarnareglna þarf að skrá sig á viðburðinn á afgreiðsla@sudurnesjabaer.is ef ætlunin er að mæta á staðinn. Einnig er hægt að tilkynna þátttöku í síma 425 3000.

Fundurinn verður einnig í beinu streymi á facebooksíðu Suðurnesjabæjar.

Athugasemdir við skipulags- og matslýsingu skulu berast til Suðurnesjabæjar á afgreiðsla@sudurnesjabaer.is eða bréfleiðis á skrifstofu sveitarfélagsins Sannubraut 4, 250 Suðurnesjabæ undir yfirskriftinni „Aðalskipulag Suðurnesjabæjar“. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 31. mars 2021. Að auki er hægt að koma á framfæri hugmyndum og ábendingum í inn í gerð aðalskipulagsins í gegnum Betri Suðurnesjabæ á betraisland.is.

F.h. bæjarstjórnar,
Magnús Stefánsson, bæjarstjóri

Skipulagsbreyting

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu Skarðshlíðar 3. áfanga

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar auglýsir hér með tillögu að breyttu deiliskipulagi Skarðshlíðar 3. áfanga, er nær til lóða við Stuðlaskarð 8, 10 og 12 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Tillagan gerir ráð fyrir einnar hæða húsi með fjórum íbúðum. Hámarkshæð húsa verður 5m. Heimilt verði að byggja stakstæða geymslu innan byggingarreits. 5-6 bílastæði verða innan lóðar þar af eitt fyrir hreyfihamlaða. Búndin byggingarlína er felld úr gildi. Að öðru leyti gildir greinargerð deiliskipulags Skarðshlíðar 3. áfanga.

Tillagan verður til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 17.03.nk. Hægt er að skoða tillöguna á hafnarfjordur.is undir íbúar/skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunar eigi síðar en 28.04.2021. Skal þeim skilað skriflega á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is eða á:

Hafnarfjarðarkaupstaður
bt. umhverfis- og skipulagssviði
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst sameiginleg tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun

Hvammsvirkjun, deiliskipulag virkjunar í Þjórsá.

Sveitastjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggja sameiginlega fram tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun til auglýsingar. Framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar er í báðum sveitarfélögum. Stöðvarmannvirki verða í landi Hvamms í Rangárþingi ytra, en stíflumannvirki og lón munu taka yfir land í ofanverðri Landsveit í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ofangreind tillaga ásamt kynningargögnum frá Landsvirkjun má nálgast hjá Skipulagsfulltrúum ofangreindra sveitarfélaga, og á heimasíðum sveitarfélaganna Rangárþings ytra, www.ry.is og Skeiða- og Gnúpverjahrepps www.skeidgnup.is. Nálgast má frekari upplýsingar auk niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum á heimasíðu verkefnisins Hvammsvirkjun - hvammur.landsvirkjun.is. Athugasemdir og ábendingar við auglýsingu deiliskipulagsins skulu berast eigi síðar en 30. apríl 2021 og skal skilað skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni, á skrifstofu skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra Suðurlandsvegi 1-3, Hellu eða með tölvupósti á netföngin vigfus@utu.is og/eða birgir@ry.is. Í samræmi við bókun sveitarstjórnar teljast athugasemdir sem bárust vegna kynningar málsins jafnframt til athugasemda við auglýsingu skipulagsins nema ný athugasemd berist frá sama aðila á auglýsingatíma skipulagsins.

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

Vígús Þór Hróbjartsson, Skipulagsfulltrúi UTU

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík



9 | 6
°C | ↑

Ísafjörður



8 | 12
°C | ↗

Akureyri



11 | 22
°C | ↗

Egilsstaðir



12 | 7
°C | ↑

Kirkjubæjarkl



7 | 2
°C | ↙

Hveravellir



4 | 10
°C | ↑

Suðlæg átt í dag, 8-15 m/s en 15-23 seinnpartinn og í kvöld á norðanverðu Snæfellsnesi. Viða dálitil væta en skýjað og þurrt að mestu á Norður- og Austurlandi. Hiti 5 til 15 stig, hlýjast austanlands.

Fimmtudagur

Reykjavík



8 | 6
°C | ↑

Ísafjörður



8 | 14
°C | ↗

Akureyri



10 | 4
°C | ↑

Egilsstaðir



11 | 2
°C | ↖

Kirkjubæjarkl



10 | 2
°C | →

Hveravellir



3 | 9
°C | ↑

Föstudagur

Reykjavík



7 | 9
°C | ↗

Ísafjörður



5 | 8
°C | ↗

Akureyri



10 | 5
°C | ↑

Egilsstaðir



10 | 7
°C | ↑

Kirkjubæjarkl



10 | 9
°C | ↗

Hveravellir



4 | 14
°C | ↑

LÉTT

6	2		4	5		1
1		4	6		2	9
	7	8	9			
	8		1		9	6
9						7
	4	1		9	5	2
		3				
7				4	6	
	5		2	1	7	3

MIDLUNGS

	2			8	3	6
				3		9
1			9	2		
7				6		8
		8	4			7
6	1			8		3
					6	4
5		3				8
4			3			

PUNG

		4	8				3	7
							4	2
	9						5	
				1	9	7		3
	7		4			6		
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7		3						

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 trufun
- 5 ellegar
- 6 möndull
- 8 jurt
- 10 tveir eins
- 11 pex
- 12 kk nafn
- 13 temur
- 15 ógæfa
- 17 reka

LÓDRÉTT

- 1 mánuður
- 2 innvol
- 3 samstæða
- 4 ýtarlega
- 7 skip
- 9 meginatriða
- 12 viðskipti
- 14 eldsneyti
- 16 kvik

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 fípan, 5 eða, 6 ás, 8 burkni, 10 rni, 11 stíglari, 9 kjarra, 12 kaup, 14 gas, 16 íð.
LÓDRÉTT: 1 febrúar, 2 íour, 3 par, 4 námar, 7 ág, 12 karl, 13 ægar, 15 runni, 17 spóli.

Skák Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2578) átti leik gegn Guðmundi Kjartanssyni (2483) í Íslandsbikarum.

34. Hh8+! 1-0. Magnus Carlsen vann sigur í undankeppni Boðsmóts hans sjálfs sem þessa dagana fer fram á Chess24. Anish Giri varð annar og Wesley So þriðji. Útsláttarkeppnin hófst í gær og lýkur í dag og mætir heimsmeistarinn Aronian í átta manna úrslitum. www.skak.is: Boðsmót Magnúsar.



3	7	9	6	1	2	5	8	4
8	1	4	3	7	5	6	9	2
2	5	6	8	9	4	1	3	7
6	9	3	4	2	8	7	1	5
4	8	1	7	5	3	2	6	9
5	2	7	9	6	1	3	4	8
9	6	8	5	3	7	4	2	1
7	3	2	1	4	9	8	5	6
1	4	5	2	8	6	9	7	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

Simi: 561 1433


mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

SAMSUNG DAGAR

FULLKOMIN GÆÐI Í HLJÓÐI OG MYND



AFSLÁTTUR
70.000 kr
afsláttur
AFSLÁTTUR

QLED Q95

Stærð 65"

Tilboðsverð 379.000 kr

"Eitt af okkar allra flottasta QLED tæki með Direct Full Array og Anti Reflection tækni.

Tækið nýtur sín einstaklega vel í björtu rými sem og dimmu."

- ORMSSON



AFSLÁTTUR
50.000 kr
afsláttur
AFSLÁTTUR

QLED Q80

Stærð 75"

Tilboðsverð 399.900 kr

SAMSUNG SOUNDBAR

Q800T Dolby Atmos



AFSLÁTTUR
45.000 kr
afsláttur
AFSLÁTTUR

Tilboðsverð 104.900 kr



ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

Kemur best út að setja egg sín í margar körfur

Hulda Rós Guðnadóttir sýnir verk í Hafnarhúsinu. Listakonan býr í Berlín og gallerí þar í borg kemur verkum hennar í dreifingu. Vinnur að langtíma listransóknarverkefni og tekur þátt í hópsýningu.

Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Sýningin WERK: Labor Move eftir Huldu Rós Guðnadóttur stendur yfir í Hafnarhúsinu. Á sýningunni er vídeóverk og stór innsetning.

„Útgangspunktur verksins er þriggja rása kvikmyndainnsetning, Labor Move, sem er eitt kvikmyndaverk sýnt á þremur tjöldum. Kvikmyndaverkið er heimild um 48 tíma gjörning sem löndunarmenn úr Reykjavíkurhöfn frömdu í enn stærra sýningarrými í Leipzig í Þýskalandi árið 2016, en þar var um að ræða 19. aldar orkustöð sem breytt hafði verið í listamiðstöð,“ segir Hulda Rós. „Verkið var frumsýnt í sama sal í Leipzig tveimur vikum seinna en hefur einnig verið sýnt í Prag og Berlín. Það að staðsetja verkið inni í nýrri innsetningu fyrir A-sal Listasafns Reykjavíkur er eins konar heimkoma fyrir verkið.“

Risastóra innsetningin á sýningunni er búin til úr þúsundum flutningskassa sem flestir eru tómir. Kassarnir voru settir saman af starfsmönnum í móttöku safnsins og nýtt kvikmyndaverk var búið til sem sýnir það verk á nærgöngulan hátt. Kassi eftir kassi er brotinn og límdur saman í endalausri endurtekningu en samt sem áður fer áhorfandi að koma auga á smáatriðin í því hvernig hver starfsmaður strýkur límbandið, grípur næsta kassa og svo framvegis.

Þriðja kvikmyndaverkið er svo heimildarmynd í fullri lengd, Keep Frozen, sem einnig var tekin upp í Reykjavíkurhöfn árið 2014 þegar löndunarmenn voru ennþá með vinnuástöðu þar.“


Eins konar hugljómun

Hulda Rós býr í Berlín en nýtt gallerí þar í borg, Gallery Gudmundsdóttir, selur verk hennar og kemur þeim í dreifingu á alþjóðlegum listmarkaði. Gallerið var stofnað í fyrirasumar af Guðnýju Guðmundsdóttur og eitt helsta markmiðið er að koma kvenlistamönnum á framfæri.

„Það sem ég hef lært eftir þennan rúma áratug sem ég hef starfað í fullu starfi sem myndlistarmaður í Berlín er að það kemur best út að setja egg sín í margar körfur. Hingað til hef ég ekki haft mikinn áhuga á að beina orku minni í þá átt sem þarf til að selja á markaði. Ég hef aðallega einbeitt mér að stórum sýningum og því að búa til verk sem byggja á sterkum grunni en eru erfiðari í sölu. Þessu hef ég getað haldið úti með hjálp styrkja og listamannalauna, með því að taka að mér skrif og kennslu, en einungis að litlu leyti með annarri fjárhagslegri innkomu. Þetta hefur aðeins farið að breytast undanfarin ár þegar ég hef verið að taka þátt í fleiri launudum sýningarverkefnum,“ segir Hulda Rós. „Þegar ég tók þátt í vinnustofudvöl í Künstlerhaus Bethanien í Berlín fyrir þremur árum varð ég fyrir einhvers konar hugljómun: að það gæti verið áhugavert að vinna verk einnig út frá því að koma þeim fyrir á heimilum fólks og í einstaklingssöfnum.“



Ég hef aðallega einbeitt mér að stórum sýningum, segir Hulda Rós. MYND/EYÞÓR ÁRNASON



Á sýningu Huldu Rósar í Hafnarhúsinu er vídeóverk og stór innsetning. MYND/EYÞÓR ÁRNASON

Dansarar í verksmiðjum

Hulda Rós er að vinna að listransóknarverkefninu S-I-L-I-C-A. Spurð um það segir hún: „WERK – Labor Move í Hafnarhúsinu er eitt af mörgum listaverkum sem hafa orðið til í langtíma listransóknarverkefni sem ég hef haft hugann við síðan árið 2010. Verkefnið hófst með þeirri tilfinningu að ég yrði að fara til Bildudals og endaði sem rannsókn á höfnum og búsetu við sjávarsíðuna víðs vegar í hafnarborgum og -bæjum á Norður-Atlantshafinu. Ég var orðin þekkt sem einhvers konar hafnarlistamaður og var boðið til litils bæjar í Suð-

austur-Ástralíu að rannsaka höfn þar. Ein aðalútflytningarsvaran þar var silicon dioxide sandur sem er kísil-súrefnisblanda en á Íslandi er slík efnablanda brædd niður í kísilmálm í verksmiðju PCC á Bakka við Húsavík með hjálp rafmagns frá Þeistareykjum. Mér finnst mjög áhugavert hvernig framleiðsla á efnum, hlutum og hráefnum er alþjóðlegt kerfi þar sem þessi efni, hlutir og hráefni ferðast fram og til baka um höf heims í risastórum flutningaskipum.“

Verk úr þessu rannsóknarverkefni hafa verið sýnd sem hluti af tuttugu ára afmælisýningu Fel-

leshus í norrænu sendiráðunum í Berlín og í Loft í Ansbach í Þýskalandi. „Ég gerði einnig kvikmyndaverk og sýndi á lofti í kapellu hér í Berlín. Næst langar mig til að búa til kvikmyndaverk í fullri lengd þar sem áhersla verður á að nálgast viðfangsefnið á skynrænan hátt í gegnum samstarf við dansara, danshöfund og tónskáld. Ég vonast til að geta komið með dansara inn í verksmiðjurnar á Þeistareykjum og PCC á Bakka strax í sumar og tekið meira upp.“

Verk sett í nýtt samhengi

Hulda Rós verður þátttakandi í

ÉG VONAST TIL AÐ GETA KOMIÐ MED DANSARA INN Í VERKSMIÐJURNAR Á ÞEISTAREYKJUM OG PCC Á BAKKA STRAX Í SUMAR.

hópsýningunni Swimming Pool í sumar. Þar mun hún sýna verkið The Shipyard Paintings. „Það er röð ellefu málverka sem máluð voru í slippnum af verkamanni þar á álplötur með málningarefni úr slippnum. Myndbygging var eftir mínum fyrirmælum, sem og val á stærð og þykkt á álplötunum. Blár litaskalinn var ákveðinn í samstarfi við verkstjóra í slippnum en þar eru einnig til aðrir litir eins og appelsínugulur. Allt annað var í höndum verkamannsins sem málaði myndirnar eftir minni þöntun.“

Hugmyndin að sýningunni er innblásin annars vegar af kvikmyndinni A Bigger Splash eftir Luca Guadagnino frá 2015 og hins vegar málverkinu A Bigger Splash eftir David Hockney frá 1967 sem er í eigu Tate Britain í London,“ segir Hulda Rós. „Það sem er áhugavert við að taka þátt í hópsýningum miðað við einkasýningu er að einstök verk eru tekin úr stórum innsetningum sem ég hef gert og sett inn í nýtt samhengi og orðræðu sem sýningarstjórinn hefur áhuga á. Merking er alltaf samspil milli þess sem listamaður er að hugsa, þess sem sýningarstjóri hefur áhuga á og þeirrar reynslu og þekkingar sem áhorfandi ber með sér. Hún er í sífelldu flæði rétt eins og hafið sjálft.“



DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR

BJÓÐUM VALIN STILLANLEG HEILSURÚM
NÚ MEÐ 25-35% AFSLÆTTI



LAYLA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 179.880 KR

VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir
kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 217.920 KR

VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi,
styrktir kanntar, toppur sem gefur góða
þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.

COMO STILLANLEGUR
HÆGINDASTÓLL
20% AFSLÁTTUR



VERÐ 39.920 KR

VERÐ ÁÐUR 49.900 KR

3 LITIR

KOMDU NÚNA, SKOÐAÐU
OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.REKKJAN.IS

**LÍFRÆNAR MJÓLKURVÖRUR
ÚR KJÓSINNI**



139 kr./stk.

BIOBÚ Lífraen Jógúrt
170 g - allar tegundir



898 kr./stk.

BIOBÚ Lífraen Grísk Jógúrt
1 kg - hrein

**PAPRIKA
NÝ UPPSKERA**



598 kr./kg

Paprika Græn
ný uppskera frá Hollandi

JARÐARBER



798 kr./400 g

Jarðarber
beint frá Spáni

ÁN SYKURS



**100 KR
1 ltr.**

**PÁSKAKERTI
Í BÓNUS**

90 TÍMA ENDING



359 kr./stk.

Páskakerti
18 x 7 cm

60 TÍMA ENDING



259 kr./stk.

Páskakerti
12 x 7 cm

KLASSÍSKT



598 kr./kippan

Coca-Cola Classic eða Coca-Cola Án Sykurs
6 x 1 ltr. í kippani

KJÖRFUGL GERÐU ENN BETRI KAUP



598 kr./kg

Kjörfugl Kjúklingaleggir



698 kr./kg

Kjörfugl Heill Kjúklingur



1.698 kr./kg

Kjörfugl Kjúklingabringur



Armbandsúr er sigild fermingargjöf



JS WATCH
101 32 MM

JS WATCH
101 38 MM

JS WATCH
ART DECO
BLEIKT



JS WATCH
ART DECO
BLÁTT



JS WATCH
VÍNLAND

ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR
ALDREI VERIÐ MEIRA
OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA
FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ SITT
HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á
WWW.GILBERT.IS



JS WATCH
ISLANDUS 1919

JS WATCH
FRISLAND 1941



ARC-TIC ÚR
MEÐ LEÐURÓL
29.900.-



ARC-TIC ÚR
MEÐ STÁLÓL
34.900.-



ARCTIC
ICELAND

JS Watch co.
REYKJAVÍK

*Hjá Gilbert úrsmið sérhæfum við okkur í
úrsmiði, hönnun og framleiðslu úra*

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Framkvæmdaleyfi

Útgáfa framkvæmdaleyfis vegna Suðurnesjalínu II

Í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 veitti Hafnarfjarðarbær, þann 26.02.2021, Landsneti hf. framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu II, eins og fyrirhuguð lega hennar er innan sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar. Álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, skv. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, liggur fyrir í álit Skipulagsstofnunar frá 22. apríl 2020.

Skilyrðum fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis vegna Suðurnesjalínu II í lögsögu Hafnarfjarðar samkvæmt 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er því fullnægt.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 12.01.2021 framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu II með m.a. eftirfarandi bókun:

„Það er álit skipulags- og byggingarráðs að sú málsmeðferð sem farið hefur fram við undirbúning framkvæmdarinnar hafi leitt fram það rask á eldhraunum og tengdum jarðmyndunum sem brýn nauðsyn ber til í ljósi markmiða framkvæmdar. Lagaskilyrði eru til útgáfu umsóttis framkvæmdaleyfis, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að umsókn Landsnets hf. vegna Suðurnesjalínu 2 verði samþykkt og jafnframt verði skipulagsfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.“

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti samþykkt skipulags- og byggingarráðs á fundi sínum þann 03.02.2021.

Framkvæmdaleyfið og tengd gögn má nálgast á hafnarfjordur.is.

Með vísan til 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, er þeim sem telja sig eiga lögvarðra hagsmuna að gæta heimilt að kæra útgáfu framkvæmdaleyfisins innan mánaðar frá birtingu auglýsingar þar að lútandi í Lögbirtingablaðinu.

Kæru skal senda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, sjá nánar heimasíðu nefndarinnar uua.is.

Skipulagsfulltrúi
Hafnarfjarðarbjar

Nánar á:

hafnarfjordur.is



Hafnarfjörður

Straumar og stefnur í augnförðun

Grafísk förðun með augnblyanti hefur verið áberandi á samfélagsmiðlinum Instagram undanfarið og er heitasta trendið, þótt það henti kannski ekki hversdags. Litrík augnförðun heldur áfram að vera vinsæl.

steingerdur@frettabladid.is



Bella Hadid á tiskusýningu Chanel með grafískan augnblyant.

Grafískur augnblyantur

Þetta trend hefur verið vinsælt á tiskusýningum undanfarið. Það snýst um að nota augnblyantinn á óhefðbundnari hátt en gengur og gerist. Vinsælt er að draga línu beint fyrir ofan augnlokið sjálft. Þetta þarfnast vandvirkni til að ná línunum fallegum.



Fjólublár augnskuggi


Fjólublár augnskuggi hefur verið vinsæll meðal fræga fólksins undanfarið og sést oft á rauða dreglinum. Hægt er að stjórna því hve dökkur hann er, ýmist er hægt að fara meira út í „smokey“ eða halda litnum í ljósari kantinum.



FRÉTTABLAÐID/GETTY

Enginn maskari

Þetta gefur andlitinu ferskan og unglagan blæ. Þá getur maður jafnvel farið að sig létt og sleppt maskaranum, sem gefur það yfirbragð að maður sé ómálaður þrátt fyrir að vera með léttu förðun.



Litríkir maskarar

Þetta tiskufyrirbrigði er kannski ekki allra, flestir halda sig við klassíska svarta maskarann. En það skaðar aldrei að prufa eitthvað nýtt, ferskt og skemmtilegt eins og þetta trend. Tilvalið til að lifga upp á andlitið og bæta smá lit í lífið.





STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

UPPSELT 21. MARS!

AUKATÓNLEIKAR
22. mars kl. 20.00
Eldborg Hörpu



JÓN MÚLI ÁRNASON 100 ÁRA

GESTASÖNGVARAR
Ellen Kristjánsdóttir
Jón Jónsson
Sigríður Thorlacius
Sigurður Guðmundsson

STJÓRNANDI & KYNNIR
Sigurður Flosason

MÍÐASALA Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050

DORMA
Láttu drauminn rættast

ER FERMING?
ÆTLAR ÞÚ AÐ KOMA
FERMINGARBARNI Á ÓVART?

ALLAR
SÆNGUR,
ALLIR KODDAR
OG ÖLL RÚMFÖT MED
20%
FERMINGAR
AFSLÆTTI



GLÆSILEG VIÐBÓTARGJÖF TIL FERMINGARBARNISINS

Nú er 20% afsláttur af heilsurímum frá Sealy. Auk þess fylgir nú veglegur kaupauki – Aspen fjallahjól – að verðmæti 59.000 krónur* þegar keypt er PORTLAND eða SEATTLE rúm (dýna og Classic botn) í stærðunum 120 eða 140 cm.



Sealy **SEATTLE** FERMINGARTILBOÐ

VERÐÆMI:
120 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 145.900 kr.
Fermingartilboð aðeins **116.720 kr.** með Aspen fjallahjóli

* á meðan birgðir endast - athugið skilaskilmála.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rættast



Linda Guðrún hefur horft til himins en haft góðar gætur á Keili sem fær nú loks að njóta sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Keilir vekur athygli á eigin hjartalínuriti

Linda Guðrún Karlsdóttir hefur verið að nostra við myndverk með Keili í forgrunni. Þegar hún hugðist loks selja verkin fór allt að nötra og nú njóta myndir Lindu þess að allra augu hvíla á Keili.

Hönnuðurinn Linda Guðrún Karlsdóttir hefur tekið myndir af Keili um árabil og nýtur þess að hafa haft ótruflað útsýni síðan hún flutti með fjölskylduna í beina sjónlínu við fjallið. „Ég byrjaði að taka myndir af Keili 2017 og hef bara ekki hætt síðan,“ segir Linda Guðrún, sem hefur verið í kjöraðstæðum til þess að fylgjast með þessum nágranna sínum úr hæfilegri fjarlægð frá 2018.

„Þá fluttum við í íbúð sem er staðsett þannig að ég er með óhindrað útsýni út á Keili af svölunum og get fylgst gaumgæfilega með og náð myndum þegar birtan og litirnir eru spennandi. Ég á vandræðalega margar myndir af honum,“ heldur Linda Guðrún áfram og segir aðspurð að Keilir sé vissulega uppáhaldsfjallið hennar. „Því hann er svo formfagur og stílhreinn, minnir mig alltaf á þýramíða.“

Hjartalína Keilis

Linda Guðrún hefur undanfarnin ár verið að vinna með myndir sínar af Keili og skapa úr þeim myndlistaverk sem bera sterk höfundareinkenni hennar. „Ég hef síðan 2016 verið að selja aðra hönnun, tungl- og plánetu-veggmyndir, undir nafninu Stóra Lúna. Þær hafa gengið mjög vel og verið í aðalhlutverki hjá mér hingað til,“ segir Linda Guðrún, sem leyfir nú loks jarðbundnu fjallinu að njóta sín.

„Þetta eru samsettar ljósmyndir, teknar yfir nokkuð langt tímabil og skarta Keili í mismunandi birtu og litum. Myndirnar eru allar teknar frá sama stað og með sömu fókusdýpt,“ segir Linda Guðrún og bætir við að útlínurnar sem fjallgarðurinn myndar minni hana á hjartalínuriti og þaðan komi Cardiogram, nafnið sem hún hefur gefið myndaseriunni.



Appelsínugula útgáfa Cardiogram. Fyrir utan gnæfir svo frummyndin.

Keilir minnir á sig

„Ég hef verið að vinna í þessum, og fleiri myndum, hægt og bitandi síðustu ár, en átti alltaf eftir að fara með þetta lengra og bjóða þær til sölu,“ segir Linda Guðrún sem var akkúrat tilbúin þegar örlogin, eða náttúruöflin, ýttu við henni.

„Það vildi svo skemmtilega til að þegar ég var loksins búin að taka allar ákvarðanir sem þurfti að taka fór Keilir að minna kröftuglega á sig og hefur nokkurn veginn séð um auglýsingaherferðina fyrir mig,“ segir Linda Guðrún brosandi og útilokar ekki að mögulega sé hann þakklátur „fyrir alla athyglina sem ég hef sýnt honum í gegnum árin.“

Viðbrögðin sem hún hefur fengið nú þegar sýna síðan svo ekki verður um villst að tímasetningin hjá henni hefði varla getað verið betri. „Viðbrögðin hafa verið mjög góð síðan ég tilkynnti þetta á sunnudaginn,“ segir Linda Guðrún og bætir við að hún muni mjög líklega bæta við myndum í seríuna í framtíðinni.

**PEGAR ÉG VAR
LOKSINS BÚIN AÐ
TAKA ALLAR ÁKVARÐANIR SEM
ÞURFTI AÐ TAKA FÓR KEILIR AÐ
MINNA KRÖFTUGLEGA Á SIG OG
HEFUR NOKKURN VEGINN SÉÐ
UM AUGLÝSINGAHERFERÐINA
FYRIR MIG.**

Eldgos af svölunum

„Þegar ég hef verið að gera myndirnar mínar hef ég haft það fyrir reglu að nota einungis umhverfið sem ég hef fyrir framan mig á svölunum mínum og endurvinnna það aftur og aftur. Þar sem að myndirnar mínar eru flestar samsettar eru möguleikarnir eiginlega endalausir, sem gerir þetta ótrúlega skemmtilegt.“

Linda segir tíðar jarðhræringarnar hvorki raska ró hennar né annarra í fjölskyldunni. „Við finnum mjög vel fyrir skjálftunum. Erum á annarri hæð í steinsteyptu húsi en höfum samt sem betur fer aldrei orðið skelkuð og höfum litlar áhyggjur, enda staðsett frekar langt frá upptökunum,“ segir Linda Guðrún og rýnir brosandi í nánustu framtíð.

„En ég er allveg viss um að það muni gjósa. Og þá næ ég vonandi mynd af því frá svölunum.“

Önnur myndaserial, Cardiogram I, er grátóna en hin, Cardiogram II, er appelsínugul. Stærðin er 40x50 og myndirnar eru prentaðar með bleksprautu á 315 gr. Natural Soft Textured Bright White 100% bómullarpappír.

Upplagið er 25 tölusettar og áritaðar myndir sem hægt er að panta á Facebook-síðum Stóru Lúnu eða með skilaboðum á síðu Lindu Guðrúnar sjálfar.

toti@frettabladid.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



MARGARITA



HAWAIIAN
skinka og ananas

3 STÓRAR GJÖRSAMLEGA

ÚTÍHÚT

Minna álegg, miklu lægra verð!
Þú sækir stóra Margarita-, Pepperoni-
eða Hawaiian-pönnupizzu

1.699 KR



pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



PEPPERONI

BAKÞANKAR

Jónu Hrannar
Bolladóttur



Hvað er áfall?

Við notum orðið áfall stundum í hugsunarleysi. En hvað er áfall? Það er þegar persóna upplifir afgerandi hjálparleysi í aðstæðum og ógn við öryggi og líf án þess að geta varist með neinum hætti. Áföll geta verið m.a af völdum slysa, náttúruhamfara og ofbeldis.

Áföll breyta svo sannarlega fólki og sú breyting er varanleg. Þegar áföllin ryðjast yfir rofnar sú öryggisumgjörð sem manneskur þurfa. Aðstoðin felst þá í því að sá sem varð fyrir áfallinu finni öryggið á ný, finni tilgang eða merkingu með lífinu og hafi góð úrræði og þrói ekki með sér áfallastreituröskun með taugarnar þandar lengi á eftir.

Geðlæknirinn Bessel van der Kolk tekur í einni bók sinni magnað dæmi af fimm ára dreng sem lifði það ásamt foreldrum sínum að vaða eimyrjuna úti fyrir brennandi tvíburaturnunum 11. sept. 2001, sjá fólk falla til dauða og hvað eina. Fáum dögum síðar teiknar barnið mynd af atburðinum. Þar er allt í báli og fári nema undir turninum er einn svartur hringur. Hvað er þetta? spyr læknirinn. Þetta er trambolín, svara barnið. Til hvers er það? Það er til þess að ef þetta gerist aftur geti fólk þá bjargast þegar það hoppar niður! Þarna var fimm ára barnshugur byrjaður að vinna úr reynslu sinni með því að setja hana aftur fyrir sig og hugsa til framtíðar með lausnir í huga.

Eitt af því dásamlega við mannshugann er hæfileikinn til að kveðja hið liðna og halda áfram í núinu. Sá hæfileiki virkjust þegar við fáum nægan stuðning og tækifæri til að gera hlutina sjálf, líkt og drengurinn litli sem upplifði það að hlaupa á sínum litlu fótum hönd í hönd við þau sem hann treysti best og komast í skjól.

Hvenær skelltirðu síðast í alvöru lasagne?



Krambúðin



Straumurinn er í Öskju!



Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla

Askja býður glæsilegt úrval 100% rafbílanna, tvinn- og tengiltvinnbílanna frá Kia, Mercedes-Benz og Honda. Við erum sérfræðingar í rafbílum og svörum öllum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

Kíktu í heimsókn – við tökum vel á móti þér.

Rafbílaspjallið
Viðtöl og fróðleikur

Þáttur um rafbílanna á
askja.is

Rafmögnuð staðreynd

PHEV stendur fyrir Plug-in Hybrid Electric Vehicle eða tengiltvinnbíll á íslensku. Bíllinn notar bæði rafmagn og jarðefnaeldsneyti sem orkugjafa. BEV stendur fyrir Battery Electric Vehicle og er notað yfir 100% rafbílanna sem nota eingöngu rafmagn sem orkugjafa. Báðum gerðum er einfaldlega stungið í samband til að hlaða.

